



Uppeldisaðferðir foreldra í tengslum við
árásargirni og afbrotahæðun unglunga
Langtímarannsókn

Alma Auðunardóttir

Lokaverkefni til MA-prófs
Uppeldis- og menntunarfræðideild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

**Uppeldisaðferðir foreldra í tengslum við
árásargirni og afbrotahegðun unglunga**

Langtímarannsókn

Alma Auðunardóttir

Lokaverkefni til MA-prófs í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á
áhættuhegðun, forvarnir og lífsýn

Leiðbeinandi: Sigrún Aðalbjarnardóttir

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2014

Uppeldisaðferðir foreldra í tengslum við árásgirni og afbrotahæðun unglunga: Langtímarannsókn.

Ritgerð þessi er 40 eininga lokaverkefni til meistaraþrófs við uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2014 Alma Auðunardóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Samskipti

Reykjavík, 2014

Formáli

Verkefni þetta er lokaverkefni til meistaraþrófs í uppeldis- og menntunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og er vægi þess 40 einingar. Leiðbeinandi er Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor. Kristján Þór Magnússon er sérfræðingur. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvort uppeldisaðferðir foreldra tengist árásargirni og afbrotahegðun unglunga.

Ég hef mikið unnið með börnum á ýmsum vettvangi en áhugi minn á uppeldisfræði kviknaði fyrir alvöru þegar ég tók val áfanga í uppeldisfræði í BA námi mínu í félagsfræði og kynntist leiðandi, skipandi, eftirlátum og afskiptalausum uppeldisháttum í fyrsta skipti og fjallaði lokaritgerð mín í BA náminu um áhrif foreldra á kynhegðun unglunga. Í framhaldi af BA náminu ákvað ég að fara í meistaranám í uppeldis- og menntunarfræðum, meðfram náminu hef ég verið að vinna á leikskóla. Ég hef mikinn áhuga á áhrifum uppeldisaðferða á þroska og hegðun barna og hvernig þær geta virkað sem forvörn gegn ýmissi áhættuhegðun þegar komið er fram á unglingsár. Einnig hef ég mikinn áhuga á samskiptum foreldra og barna en samskipti barna og annarra sem sjá um uppeldi þeirra eða umönnun eru einnig áhugaverð þar sem flest börn verja stórum hluta dagsins í dagvistun og umsjá annarra en foreldra sinna. Vinna við þetta verkefni hefur veitt mér betri innsýn í hversu áhrifaríkar uppeldisaðferðir foreldra geta verið á hegðunar- og þroskaþætti barna og unglunga. Því er það von mín að ég geti nýtt mér niðurstöður þessarar ritgerðar í vinnu minni með börnum og miðlað mætti uppeldis og jákvæðum áhrifum leiðandi uppeldis til foreldra en ekki síst til samstarfsfólks míns. Þar sem ég tel nauðsynlegt að fleiri en foreldrar séu fræddir um vænlegar leiðir í uppeldi barna og samskiptum við þau, og þar af leiðandi væri hægt að bæta gott starf leikskólans enn betur.

Leiðbeinanda mínum Sigrúnu Aðalbjarnardóttur vil ég þakka fyrir góða leiðsögn, þolinmæði og hvatningu við gerð þessa verkefnis og fyrir að gefa mér tækifæri til að vinna með áhugaverð gögn úr gagnasafni sínu. Kristínu Björnsdóttur vil ég þakka fyrir yfirlestur og góðar leiðbeiningar. Einnig vil ég þakka Elínu Mörtu Ásgeirsdóttur og Ástu Lilju Ásgeirsdóttur fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar.

Foreldrum mínum þakka ég fyrir góðan stuðning og hjálp og fyrir að hafa endalause trú á mér. Móður minni þakka ég líka fyrir að vera skilningsríkur

og sveigjanlegur vinnuveitandi og að gefa mér einstakt tækifæri til að vinna með börnum. Sambýlismanni mínum Kristni Rafn Elíssyni þakka ég fyrir endalausa þolinmæði, fórnfýsi og stuðning, hvatningu og að hafa óbilandi trú á mér.

Ágrip

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvort uppeldisaðferðir foreldra, viðurkenning, stuðningur og eftirlit þeirra með hegðun unglunga við 14 ára aldur tengist árásargirni unglunga og afbrotahegðun við 14, 15 og 17 ára aldur. Rannsóknargögnin eru úr langtímarannsókninni „Áhættuhegðun ungs fólks“, sem Sigrún Aðalbjarnardóttir stendur að. Í þessum hluta rannsóknarinnar voru spurningalistar lagðir fyrir alla reykvíska unglunga sem skráðir voru í 9. bekk vorið 1994. Unglingunum var fylgt eftir ári síðar þegar þeir voru í 10. bekk (janúar 1995) og aftur haustið 1996 (október og nóvember) þegar þeir voru á öðru ári í framhaldsskóla.

Niðurstöður voru þær að uppeldisaðferðirnar þrjár tengjast minni árásargirni unglunganna við 14, 15 og 17 ára aldur: eftir því sem ungmennin upplifðu meiri viðurkenningu, stuðning og eftirlit foreldra sinna við 14 ára aldur þeim mun líklegri voru þau til að sýna minni árásargirni við 14, 15 og 17 ára aldur. En þó virðast viðurkenning og stuðningur foreldra við 14 ára aldur skipta meira máli en eftirlit foreldra með hegðun unglunganna á það hvort þeir sýni minni árásargirni við 14 og 17 ára aldur. Einnig tengdust uppeldisaðferðirnar þrjár minni afbrotahegðun unglunganna við 14, 15 og 17 ára aldur: eftir því sem ungmennin upplifðu meiri stuðning, viðurkenningu og eftirlit foreldra sinna við 14 ára aldur þeim mun líklegri voru þau til að sýna minni afbrotahegðun við 14, 15 og 17 ára aldur. Sérstaklega athyglisvert var að sjá að viðurkenning foreldra við 14 ára aldur hafði sterk tengsl við minni afbrotahegðun unglunganna við 14, 15 og 17 ára aldur og héldust tengslin sterk þó tillit væri tekið til hinna uppeldisaðferðanna. Þiltar reyndust sýna meiri árásargirni og afbrotahegðun en stúlkur en ekki kom fram munur á þessum andfélagslegu hegðunum eftir starfsstétt foreldra.

Abstract

Parenting practices in relation with adolescents' aggressive and delinquent behavior: A longitudinal study.

The main aim of the study is to shed light on parenting practices, parental involvement, psychological autonomy and supervision, in relation with adolescents' aggressive and delinquent behavior. This study is part of a larger ongoing, longitudinal study: the Reykjavik Adolescent Risk-Taking Longitudinal Study. In this part of the study adolescents attending 9th-grade of compulsory school in Reykjavik, the capital of Iceland, in the spring of 1994 answered a questionnaire. They were then observed when they attended 10th-grade (January 1995) and then again in the fall of 1996 (October and November) when they attended their second year of secondary school.

Results showed that adolescents who experienced more parental involvement, psychological autonomy and supervision at age 14 showed to some extent less aggressive behavior at age 14, 15 and 17. Parental involvement and psychological autonomy at age 14 seem to be more relevant than parental supervision on adolescents aggressive behavior at age 14 and 17. Also adolescents who experienced more parental involvement, psychological autonomy and supervision at age 14 showed less delinquent behavior at age 14, 15 and 17. It is interesting to see that parental psychological autonomy has strong relationship with adolescent's delinquent behavior even if controlled for parental involvement and supervision. Boys showed more aggressive and delinquent behavior than girls but there was no difference found when looking at parents' socioeconomic status.

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Formáli | 5 |
| Ágrip | 7 |
| Efnisyfirlit | 9 |
| Myndaskrá | 11 |
| Töfluskrá | 11 |
| 1 Inngangur | 13 |
| 2 Fræðilegur bakgrunnur | 15 |
| 2.1 Andfélagsleg hegðun | 15 |
| 2.1.1 Skilgreining hugtaka | 15 |
| 2.2 Uppeldi | 16 |
| 2.2.1 Hugmyndir um uppeldi | 16 |
| 2.2.2 Félagslegt taumhald | 17 |
| 2.2.3 Uppeldisaðferðir | 18 |
| 2.2.4 Kenningar um uppeldisaðferðir foreldra | 19 |
| 2.2.5 Rannsóknir á áhrifum uppeldisaðferða | 20 |
| 2.3 Árásargirni og afbrotahegðun | 23 |
| 2.3.1 Sjálfstjórn | 23 |
| 2.3.2 Þróun andfélagslegrar hegðunar | 24 |
| 2.3.3 Rannsóknir á árásargirni | 25 |
| 2.3.4 Rannsóknir á afbrotahegðun | 29 |
| 2.3.5 Tengsl árásargirni og afbrotahegðunar | 32 |
| 2.3.6 Áhrif foreldra á árásargirni og afbrotahegðun | 33 |
| 2.4 Markmið og rannsóknartilgátur | 36 |
| 3 Aðferð | 39 |
| 3.1 Þátttakendur og framkvæmd | 39 |
| 3.2 Mælitæki | 39 |
| 3.3 Tölfræðileg greining | 41 |
| 4 Niðurstöður | 43 |
| 4.1 Fylgni | 43 |
| 4.2 Aðhvarfsgreining | 47 |

| | | |
|----------|--|-----------|
| 4.2.1 | Árásargirni | 47 |
| 4.2.2 | Afbrotahagðun | 51 |
| 5 | Umræða..... | 55 |
| 5.1 | Uppeldisaðferðir og árásargirni..... | 56 |
| 5.2 | Uppeldisaðferðir og afbrotahagðun..... | 58 |
| 5.3 | Takmarkanir og styrkleikar rannsóknarinnar | 60 |
| 6 | Lokaorð..... | 61 |
| | Heimildaskrá | 63 |

Myndaskrá

| | |
|--|----|
| Mynd 1: Þróun andfélagslegrar hegðunar | 25 |
|--|----|

Töfluskrá

| | |
|---|----|
| Tafla 1: Fylgni milli árásgirni og afbrotahegðunar. | 43 |
| Tafla 2: Fylgni milli kyns, félagslegrar og efnahagslegrar stöðu foreldra, uppeldisaðferða foreldra og árásgirni. | 45 |
| Tafla 3: Fylgni milli kyns, félagslegrar og efnahagslegrar stöðu foreldra , uppeldisaðferða foreldra og afbrotahegðunar. | 46 |
| Tafla 4: Meðaltöl og staðalfrávik árásgirni og afbrotahegðunar við 14, 15 og 17 ára aldur | 46 |
| Tafla 5: Meðaltal og staðalfrávik uppeldisaðferðanna þriggja..... | 47 |
| Tafla 6: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar: Tengsl breytanna stuðningur, viðurkenning og hegðunarstjórn við 14 ára aldur við árásgirni við 14 ára aldur (að teknu tilliti til kyns)..... | 48 |
| Tafla 7 : Niðurstöður aðhvarfsgreiningar: Tengsl breytanna stuðningur, viðurkenning og hegðunarstjórn við 14 ára aldur við árásgirni við 15 ára aldur (að teknu tilliti til bakgrunnsbreytunnar kyns)..... | 50 |
| Tafla 8: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar: Tengsl breytanna stuðningur, viðurkenning og hegðunarstjórn við 14 ára aldur við árásgirni við 17 ára aldur (að teknu tilliti til bakgrunnsbreytunnar kyns)..... | 51 |
| Tafla 9: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar: Tengsl breytanna stuðningur, viðurkenning og hegðunarstjórn við 14 ára aldur við afbrotahegðun við 14 ára aldur (að teknu tilliti til bakgrunnsbreytunnar kyns)..... | 52 |
| Tafla 10: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar: Tengsl breytanna stuðningur, viðurkenning og hegðunarstjórn við 14 ára aldur | |

| | |
|---|----|
| við afbrotahegðun við 15 ára aldur (að teknu tilliti til bakgrunnsbreytunnar kyns). | 53 |
| Tafla 11: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar: Tengsl breytanna stuðningur, viðurkenning og hegðunarstjórn við 14 ára aldur við afbrotahegðun við 17 ára aldur (að teknu tilliti til bakgrunnsbreytunnar kyns). | 54 |

1 Inngangur

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er árásgirni og afbrotahegðun meðal ungs fólks.

Ungt fólk stendur frammi fyrir margvíslegum áhættuþáttum í lífi sínu. Þessir áhættuþættir, sem geta verið af félagslegum, erfðafræðilegum, sálfræðilegum eða menningarlegum toga, geta leitt til áhættuhegðunar (Brown, Larson og Saraswathi, 2002; Jessor, 1998). Grunnur forvarnarstarfs þegar unnið er með börn og unglinga byggist meðal annars á því að þekkja áhættuhegðun ungs fólks á hverjum tíma og að gera sér grein fyrir þessum áhættuþáttum (t.d. Sigrún Aðalbjarnardóttir, Andrea G. Dofradóttir, Þórólfur R. Þórólfsson og Kristín L. Garðarsdóttir, 2003) og hvað getur dregið úr líkum á áhættuhegðun.

Nokkuð mikið er til af rannsóknum á þróun og stöðuleika árásgirni hjá börnum og unglingum (t.d. Alink o.fl., 2006; NICHD Early child care research network, 2004). Rannsóknir hafa sýnt að þeir einstaklingar sem eru árásgjarnir sem börn eru líklegir til að vera það einnig sem fullorðnir einstaklingar (Kokko og Pulkkinen, 2005). Því er mikilvægt að rannsaka hvaða þættir hafa áhrif á árásgirni og hvernig megi draga úr líkum á að börn og unglingar sýni árásgirni.

Hér á landi er ekki eins löng hefð fyrir afbrotarannsóknum eins og víða erlendis. Afbrot eiga sér samfélagslegar rætur þrátt fyrir að vera framin af einstaklingum. Því er að mati félagsfræðinnar nauðsynlegt að skoða þau í heildrænu ljósi til að öðlast skilning á þeim. Afbrot líkt og önnur mannleg hegðun á sér stað í félagslegu samhengi (sjá yfirlitsgrein Jón Gunnar Bernburg, 2004).

Eflaust eru margir foreldrar sem velta fyrir sér hvort þeir geti í raun og veru haft áhrif á börnin sín með þeim uppeldisaðferðum sem þeir velja að nota. Foreldrar eru helstu félagsmótunaraðilar barna sinna en félagsmótun barna á sér jafnframt stað í gegnum jafningja og utan heimilisins eins og í skólanum eða leikskólanum. Fjölmargar rannsóknir á félagsmótun barna sýna fram á áhrif foreldra (Maccoby, 2000).

Flestir eru sammála um að uppeldi barna og unglinga sé mikilvægt og eitt mesta ábyrgðarhlutverk sem fólki er fengið í hendur. Uppeldið mótar þann sem alinn er upp en einnig hefur það áhrif á þá sem að því standa (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1993). Erfitt og jafnvel yfirþyrmandi getur reynst fyrir foreldra að mynda sér skoðun eða taka

ákvörðun um hvaða uppeldisaðferðum þeir vilja fylgja eða leggja áherslu á en þó er mikilvægt fyrir foreldra að taka meðvitaðar ákvarðanir um uppeldi barna sinna.

Áhrif uppeldishátta foreldra á ýmsa þætti sem tengjast heilsu og hegðun unglunga hafa verið rannsakaðir. Á alþjóðavettvangi hafa meðal annars áhrif þeirra á andlega heilsu unglunga, andfélagslega hegðun þeirra og neyslu á ólöglegum vímuefnum verið rannsökuð (sjá yfirlitsgrein Steinberg, 2001). Hér á landi hafa til dæmis áhrif þeirra á námsgengi, áfengisneyslu og neyslu ólöglegra vímuefna verið rannsökuð (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2004; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson, 2001). Einnig hafa áhrif uppeldisaðferða foreldra á sálfræðilega þætti eins og sjálfssálit (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín Lilja Garðarsdóttir, 2004) og samskiptahæfni (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2005) verið rannsökuð. Rannsóknir sem þessar á áhrifum uppeldisaðferða foreldra eru mikilvægar fyrir þá sem starfa með börnum, unglingum og foreldrum og hjálpa vonandi þeim sem leiðbeina og veita foreldrum ráðgjöf um uppeldi barna sinna.

Tilgangur þeirrar rannsóknar sem hér verður fjallað um er að varpa ljósi á hvort uppeldisaðferðir foreldra, það er að segja stuðningur, viðurkenning og eftirlit þeirra með hegðun unglunganna tengist árásargirni þeirra og afbrotahegðun.

Ritgerðin skiptist í fimm meginhluta. Í fyrsta hluta ritgerðarinnar eru lykilhugtökin árásargirni og afbrotahegðun skilgreind. Einnig er þar fjallað um fyrri rannsóknir á áhrifum uppeldisaðferða á heilsu og hegðun barna og unglunga og fyrri rannsóknir á árásargirni og afbrotahegðun. Í lok fyrsta hlutans er greint frá þeim rannsóknartilgátum sem settar eru fram. Annar hluti ritgerðarinnar fjallar um hvernig staðið var að rannsókninni. Þar kemur einnig fram lýsing á þeim aðferðum sem notaðar voru við úrvinnslu gagna. Í þriðja hluta eru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og í fjórða hluta er umræða um niðurstöður og þær settar í fræðilegt samhengi. Ritgerðinni lýkur á lokaorðum þar sem rannsakandinn ígrundar notagildi niðurstaðna rannsóknarinnar.

2 Fræðilegur bakgrunnur

2.1 Andfélagsleg hegðun

2.1.1 Skilgreining hugtaka

Fræðimenn eru ekki sammála um hvernig eigi að skilgreina *andfélagslega hegðun* (e. antisocial behavior). Oftast hefur hugtakið verið notað til að lýsa hegðun sem brýtur gegn ríkjandi viðmiðum og gildum samfélagsins. Hugtakið felur bæði í sér duldar birtingarmyndir eins og afbrot, vímuefnaneyslu og skemmdarverk og síðan sjáanlegar birtingarmyndir eins og árásargirni eða ögrandi hegðun (Hindshaw og Zupan, 1997). Í þeirri rannsókn sem hér fer á eftir verða aðeins tveir þættir andfélagslegrar hegðunar, árásargirni og afbrotahegðun, og tengsl þeirra við uppeldisaðferðir foreldra skoðaðir.

Árásargirni (e. *aggression*) er hegðun sem ætlað er að meiða eða særa einhvern sem ekki sækist eftir því. Skiptar skoðanir eru meðal fræðimanna um hvort skipta eigi árásargirni í tvo flokka: *marksækin* (e. *instrumental*) árásargirni og *ögrandi* (e. *hostile*) árásargirni. Ef eina markmið einstaklings er að meiða fórnarlamb sitt flokkast hegðun hans sem ögrandi árásargirni. Marksækin árásargirni lýsir aðstæðum þar sem einstaklingur meiðir annan til að fá vilja sínum framgengt (Bushman og Anderson, 2001). Misjafnt er milli rannsókna hvort og þá hvernig árásargirni er flokkuð. Í sumum rannsóknum er greint á milli líkamlegrar og munnlegrar árásargirni og í öðrum er greint á milli beinnar og óbeinnar árásargirni. *Líkamleg árásargirni* (e. *physical aggression*) felst meðal annars í því að stríða, meiða og ráðast á aðra af ástæðulausu. *Munnleg árásargirni* (e. *verbal aggression*) felst meðal annars í því að segja eitthvað ljótt eða særandi og rífast við aðra (Pulkkinen og Pitkänen, 1993). *Óbein árásargirni* (e. *indirect aggression/relational aggression*) felst meðal annars í baktali og því að fá jafningja og féлага til að hunsa eða útskúfa ákveðinn einstakling. Þetta er mjög dulin árásargirni og erfitt getur verið að koma auga á gerandann (Wallenius, Punamäki og Rimpelä, 2006; Kaukiainen o. fl., 1999). *Bein árásargirni* (e. *direct aggression*) felst meðal annars í því að ráðast á aðra, meiða eða stríða öðrum. Þessi gerð árásargirni er sýnilegri en óbein árásargirni (Wallenius o. fl., 2006). Í raun virðist vera lítil munur á skilgreiningu á líkamlegri og beinni árásargirni. *Ytri árásargirni* (e. *acquisitive aggression*) felst meðal annars í því að taka hluti sem einhver annar á, án þess að biðja um leyfi (Huesmann, Eron og Dubow, 2002). Í þeirri rannsókn sem hér fer á eftir er árásargirni

skilgreind almennt og ekki gerður greinarmunur á beinni og óbeinni árásgirni og munnlegri og líkamlegri árásgirni.

Afbrotahegðun er hegðun sem brýtur lög, eins og til dæmis þjófnaður, vímuefnaneysla eða eignarspjöll. Ákveðin hegðun er ólögleg bæði í tilviki fullorðinna og unglinga eins og til dæmis morð eða þjófnaður. Önnur hegðun er aðeins ólögleg vegna aldurs gerandans eins og til dæmis að neyta áfengis fyrir tvítugt (Kazdin, 2005). Hér á eftir flokkast bæði hegðun sem brýtur lög annarsvegar og hinsvegar hegðun sem brýtur viðmið samfélagsins, til dæmis reglur skóla, sem afbrotahegðun.

2.2 Uppeldi

2.2.1 Hugmyndir um uppeldi

Uppeldi barna hefur verið mörgum hugleikið í gegnum aldirnar og hafa ýmsir fræðimenn sett fram kenningar sínar og hugmyndir. John Locke (1632-1704) og Jean-Jacques Rousseau (1712-1778) eru meðal þeirra sem hafa verið áhrifamiklir. Locke og Rousseau voru báðir andvígir líkamlegum refsingum. Þeir töldu einnig báðir fráleitt að börn fæddust syndug, líkt og var útbreitt viðhorf á þeirra tíma, og að það væri hlutverk uppalenda að berja þessar syndir úr þeim. Locke og Rousseau voru þó ekki sammála um allt í tengslum við uppeldisaðferðir (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1993).

Helsti munurinn á þeim var að Locke taldi börn vera við fæðingu nánast sem autt blað og að það væri hlutverk umhverfisins að rita á þetta blað. Hann gerði mikið úr áhrifum umhverfisins og þar með uppalendum á það hvernig til tækist við að örva þroska barnsins. Locke lagði einnig mikla áherslu á hlutverk foreldra við að efla skynsemi barna sinna, hjálpa þeim að hafa stjórn á hvötum sínum ásamt því að gefa þeim tækifæri til að svala forvitni sinni en minni áherslu á að efla tilfinningaþroska þeirra. Að hans mati áttu foreldrar að hefja skipulagt uppeldi strax og líta á sig sem kennara barnsins frá unga aldri. Aftur á móti taldi Rousseau að ekki ætti að hefja skipulagða kennslu á meðan börn væru ung. Taldi hann þau ekki tilbúin til að njóta slíkrar kennslu þar sem þau skorti hæfileika til að skilja samband orsaka og afleiðinga og þroska til rökhugsunar. Að hans mati átti formleg kennsla og nám hjá börnum ekki að fara fram fyrr en slík hæfni hefði náð að þroskast. Rousseau lagði áherslu á að hugsun barna væri frábrugðin hugsun fullorðinna og ætti eftir að ná þroska og því væri nauðsynlegt í uppeldinu að miða við þroska þeirra á hverjum tíma. Honum fannst að lengja ætti þann

tíma sem börn hefðu til að þroskast áður en þau yrðu tekin í fullorðinna tölu. Hann var meðal þeirra fyrstu sem bentu á mikilvægi unglingsára og litu á þau sem mikilvægt og sérstakt þroskatímabil (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1993).

2.2.2 Félagslegt taumhald

Hér í þessum kafla verður fjallað stuttlega um kenningu Travis Hirschi um félagslegt taumhald.

Í kenningu sinni um *félagslegt taumhald* (e. social control theory) segir Travis Hirschi (1969) að frávíkshæðun sé öllum einstaklingum eðlileg en að ástæða þess að fæstir leiðast út í slíka hegðun séu sterkra tengsla þeirra við samfélagið og hefðbundnar stofnanir þess. Rofni þessi sterku tengsl eða veikist af einhverjum orsökum minnkar félagslegt taumhald samfélagsins á einstaklingnum, sem getur aukið líkurnar á því að hann leiðist út í frávíkshæðun. Eigi einstaklingur hins vegar í góðum tengslum við samfélagið, er minni hætta á slíkri hegðun (Reid, 2006; Thio, 2007).

Taumhaldskenning Hirschi (1969) byggist meðal annars á þeirri hugmynd að árangursríkt uppeldi geti komið í veg fyrir afbrotahæðun hjá börnum og unglingum. Að mati Hirschi (1969) eru mikilvægustu tengslin *tilfinningatengsl* (e. attachment), en það eru þær tilfinningar sem einstaklingar bera hver til annars. Séu tilfinningatengslin nánin innan fjölskyldunnar eru meiri líkur á að einstaklingunum sé ekki sama hvaða skoðun aðrir hafa á hegðun þeirra. Börn og unglingar sem eiga í sterkum tilfinningatengslum við foreldra sína eru ólíklegri til þess að stunda afbrotahæðun vegna þess að þau meta samband sitt við foreldra sína mikils og vilja ekki valda þeim vonbrigðum með því að taka þátt í óviðunandi hegðun. Tilfinningatengsl virka sem forvörn gegn afbrotahæðun þar sem börn og unglingar með sterk tilfinningatengsl við foreldra sína hugleiða þau mögulega neikvæðu áhrif sem afbrotahæðun þeirra gæti haft (Ingram, Patchin, Huebner, McCluskey og Bynum, 2007; Thio, 2007).

Sumir taumhaldskenningarsinnar hafa beint athyglinni að því hlutverki sem eftirlit foreldra hefur. Foreldrar sem eru meðvitaðir um og vita hvað börn þeirra og unglingar eru að aðhafast eru ólíklegri til þess að eiga börn eða unglunga sem stunda afbrotahæðun vegna þess að þeir setja skýrar reglur, hafa virkt eftirlit með hegðun þeirra og refsa fyrir slæma hegðun (Ingram, o.fl., 2007).

2.2.3 Uppeldisaðferðir

Flestir geta líklega verið sammála um að eitt af aðalmarkmiðum uppeldis sé að ala upp ábyrg og glöð börn, með heildstæða sjálfsmynd sem bera ábyrgð á eigin hegðun, börn sem finna til með öðrum og geta glaðst og deilt gleði sinni með öðrum (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1993; Sigurður Pálsson, 2001). Leiðirnar að þessum markmiðum felast aðallega í tvennu: í fyrsta lagi þarf að vekja athygli barna á sambandi milli athafna þeirra og þess sem þau uppskera í samskiptum við aðra. Í öðru lagi þarf að kenna þeim að þau bera ábyrgð á afleiðingum eigin gjörða en þó ekki þannig að þau beri ábyrgð á öllu sem fyrir þau kemur. Uppeldisfrömuðir hafa einkum mælt með aðferð sem skipta má í tvennt. Annarsvegar: samræður og hinsvegar bein stjórn á aðstæðum (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1993).

Samræðuaðferðin miðar að því að efla skilning barnsins á eigin ábyrgð og eigin hegðun. Þetta er mannleg aðferð með áherslu á innsæi, skilning og sjálfsstjórn. Árangursríkt getur reynst að leysa ágreiningsmál og vandamál með því að ræða við börnin. Það þýðir ekki að foreldrið eigi eitt að sjá um að tala þótt það sé hlutverk foreldrisins að hafa frumkvæði að því að leiða umræðurnar. Foreldrið verður að taka tillit til þroska barnsins og passa að miða kröfur um skilning á aðstæðum við hæfni þess. Þessi leið er þó ekki gallalaus og kann að geta af sér skilning en ekki er alltaf samband milli hugsunar, skilnings og þeirrar hegðunar sem barn sýnir þegar á reynir (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1993).

Bein stjórn á aðstæðum beinist einkum að því að móta umhverfi barnsins þannig að það laði fram æskilega hegðun. Þetta er auðskilin og oft fljótvirk aðferð. Atferlið sem hefur óhagstæð eða lítil áhrif festist ekki í sessi hjá barninu en atferlið sem ber árangur fyrir barnið styrkist. Breytingar á hegðun með þessari aðferð beinast að því að minnka eða auka tíðni tiltekins atferlis. Barn sem fær sælgæti þegar það grenjar og öskrar í matvörubúðinni er líklegt til að endurtaka leikin við fyrsta tækifæri. Hegðun sem foreldrið vill breyta er mætt með sérstökum viðbrögðum eða viðurlögum (umbun eða refsing) sem draga úr tíðni hennar. Þessi aðferð er þó ekki gallalaus frekar en hin en hegðun barns sem mótuð er með stjórn á aðstæðum þess getur stundum orðið losaraleg um leið og stjórninni linnir (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1993).

Þessar tvær aðferðir virðast skarast og breytast að eðli eftir aldri barns og aðstæðum. Þegar börn eru ung má segja að bein stjórn á aðstæðum henti betur. Þá er hlutur samræðu óhjákvæmilega minni en þó er ekki þar með sagt að ekki eigi að ræða við lítil börn um hegðun þeirra eftir því sem

skilningur þeirra leyfir. Eftir því sem börn eldast hlýtur hlutur samræðna að aukast, skilningur þess eykst og tók foreldrisins á beinum áhrifum í umhverfi þess minnka (Sigurður J. Grétarsson og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1993).

2.2.4 Kenningar um uppeldisaðferðir foreldra

Margar kenningar hafa verið settar fram um áhrif uppeldisaðferða foreldra á líðan og hegðun barna og unglunga og hafa verið gerðar þó nokkrar rannsóknir á þessum tengslum. Kenningar Díönu Baumrind (1971) um ólíkar uppeldisaðferðir eru vel þekktar á þessu sviði.

Leiðandi uppeldishættir foreldra ýta undir þroskaða hegðun barna þeirra. Foreldrar taka vel á móti hugmyndum barna sinna á sama tíma og þeir skýra sjónarmið sitt og hvetja börnin til sjálfstæðrar hugsunar. Þeir setja börnum sínum skýrar reglur þegar það er nauðsynlegt og útskýra þær vel fyrir þeim. Hugsunin er sú að börnin læri að þekkja mörk sín og vita til hvers er ætlast af þeim. Samskipti milli foreldra og barna eru opin og þar fá sjónarmið beggja aðila að njóta sín. Foreldrarnir sýna börnum sínum hlýju, stuðning og uppörvun (Maccoby og Martin, 1983; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1990, 2005).

Eftirlátir foreldrar eru gjarnan mjög umburðarlyndir gagnvart börnum sínum og að vissu leyti nokkuð afskiptalausir. Þeir leyfa unglingum að komast upp með ýmsa óæskilega hegðun eins og til dæmis frjálsræði þegar kemur að kynlífi og vímuefnaneyslu. Þeir setja börnum sínum ekki skýr mörk, forðast beina árekstra, setja fáar reglur og fylgja þeim lítið eftir. Eftirlátir foreldrar leyfa talsverða sjálfsstjórn en sýna börnum sínum jafnframt hlýju (Maccoby og Martin, 1983; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1990, 2005).

Foreldrar sem nota *skipandi* uppeldishætti stjórna börnum sínum með ströngum reglum, boðum og bönnum. Samskipti milli skipandi foreldra og barna þeirra einkennast oft af valdi foreldranna yfir börnunum, reglur eru skýrar og þess er vænst að þeim sé hlýtt án útskýringa eða röksemda. Þeir sýna börnum sínum litla uppörvun og hlýju og eru þeir líklegir til að aga börnin meira en nauðsyn krefur. Í alvarlegustu tilfellum beita foreldrar börn sín líkamlegum refsingum (Maccoby og Martin, 1983; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1990, 2005).

Afskiptalausir foreldrar ala börn sín upp í nokkurs konar stjórnleysi þar sem þeir gera engar kröfur til barna sinna og setja þeim engin mörk. Afskiptalausir foreldrar veita börnum sínum engan stuðning og bregðast ekki við hugmyndum þeirra. Þeir sýna börnum sínum lítinn áhuga og forðast

að eiga samskipti við þau. Í raun má segja að uppeldisaðferðir afskiptalausra foreldra einkennist oft af vanrækslu (Maccoby og Martin, 1983; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2005).

2.2.5 Rannsóknir á áhrifum uppeldisaðferða

Börn sem alast upp við leiðandi uppeldishætti eru yfirleitt samvinnufús og hjálpleg (Maccoby og Martin, 1983). Auk þess eru þau sjálfstæðari, sýna meiri samskiptaþroska, hafa mikla trú á sjálfum sér og eru gædd góðum sjálfsaga (sjá yfirlitsgrein Steinberg, 2001). Börn sem eru alin upp af eftirlátum foreldrum eru yfirleitt frekar ósjálfstæð og skortir félagslega ábyrgð. Börn skipandi foreldra eru gjarnan vansæl, ósjálfstæð og sýna lítið félagslegt frumkvæði. Oft skortir þau einnig sjálfsöryggi, þau upplifa gjarnan kvíða og eru auk þess líkleg til að glíma við ýmiss konar hegðunaryvandamál. Börn afskiptalausra foreldra hafa oft mjög litla trú á sjálfum sér, þau eru óþroskuð, skortir sjálfsaga og eru oft á tíðum árásgjörn (Maccoby og Martin, 1983).

Hér á landi hefur Sigrún Aðalbjarnardóttir staðið að viðamikilli langtímarannsókn þar sem uppeldisaðferðir foreldra eru skoðaðar í tengslum við ýmsa þroskaþætti. Rannsóknin sem hér fer á eftir byggir á gögnum úr langtímarannsókn Sigrúnar. Í rannsókn Sigrúnar hefur komið fram að uppeldisaðferðir við 14 ára aldur unglunga tengdust sjálfsáliti þeirra bæði þá við 14 ára aldur og eins rúmlega sjö árum seinna þegar flest þeirra höfðu náð 22 ára aldri. Þeir unglingar sem höfðu betra sjálfsálit við 14 ára aldur og 22 ára aldur töldu sig búa við viðurkenningu foreldra sinna og samheldni fjölskyldunnar við 14 ára aldur (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín Lilja Garðarsdóttir, 2004). Er þetta í samræmi við erlendar rannsóknir þar sem fram hefur komið að unglingar sem alast upp við leiðandi uppeldishætti hafa betra sjálfsálit og sjálfstraust og eru síður kvíðin og þunglynd en aðrir unglingar (sjá yfirlitsgrein Steinberg, 2001). Hér á landi reyndust þeir unglingar hafa lakasta sjálfsálitið sem töldu sig búa við sálræna stjórn foreldra sinna og litla samheldni (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín Lilja Garðarsdóttir, 2004).

Í annarri íslenskri rannsókn hefur komið fram að þau ungmenni sem eiga í veikum tengslum við foreldra sína, það er að segjast fá lítið aðhald og lítinn stuðning frá þeim, eru líklegri til að reyna sjálfsvíg eða hugleiða það en jafnaðrar þeirra sem fá mikið aðhald og mikinn stuðning frá foreldrum sínum (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998). Í rannsókn

Mattanah (2001) kom fram að viðurkenning feðra tengdist minni depurð og kvíða hjá börnum á aldrinum 9-10 ára.

Unglingar sem eiga foreldra sem sýna þeim viðurkenningu og stuðning ásamt því að setja þeim skýrar reglur sýna heilbrigðari sálfélagslegan þroska en aðrir unglingar. Mælingar á sjálfshjálp, sjálfsvirðingu og stefnumörkun unglínganna eru notaðar til að meta sálfélagslegan þroska þeirra (Gray og Steinberg, 1999).

Í erlendum rannsóknum hefur komið fram að unglingar sem alast upp við leiðandi uppeldishætti, telja sig búa við stuðning og viðurkenningu foreldra sinna og hóflegt eftirlit þeirra, gengur betur í skóla, þeir sýna betri námsárangur (Gray og Steinberg, 1999; Steinberg, 2001; Steinberg, Lamborn, Dornbusch og Darling, 1992). Í rannsókn Mattanah (2001) kom fram að viðurkenning feðra tengist betri námsárangri hjá börnum á aldrinum 9-10 ára. Unglingar sem alast upp við leiðandi uppeldishætti eiga í betri tengslum við skólann, einnig sýndu þeir meiri framfarir í námi sínu yfir eins árs tímabil en aðrir nemendur sem ekki töldu sig búa við leiðandi uppeldishætti foreldra sinna (Steinberg o.fl., 1992). Unglingar sem alast upp við eftirlátssama uppeldishætti eru líklegri til þess að sína slæma hegðun í skóla (e. school misconduct) eins og til dæmis að svindla á prófum og vanrækja nám sitt, en unglingar sem alast upp við aðra uppeldishætti foreldra (Lamborn o.fl., 1991). Í rannsókn Sigrúnar kemur fram að þeir unglingar sem telja sig búa við leiðandi uppeldi sýna betri námsárangur á samræmdum prófum í 10 bekk bæði í stærðfræði og íslensku en unglingar sem telja sig búa við skipandi, eftirláta og afskiptalaus uppeldishætti (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2004). Uppeldishættir foreldra spá betur fyrir um brottfall unglíngna úr skóla en þátttaka foreldra í námi barna þeirra (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2009).

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana S. Blöndal (2005) hafa einnig skoðað tengsl uppeldisaðferða foreldra, þar sem áhrif hveurrar uppeldisaðferðar fyrir sig eru metin en þeim ekki skipt í uppeldishætti, og brotthvarfs ungmenna frá námi. Ungmenni sem telja sig búa við viðurkenningu foreldra sinna við 14 ára aldur eru líklegri til að hafa lokið framhaldsskóla við 22 ára aldur. Einnig eru þau ungmenni sem telja sig njóta stuðnings foreldra sinna við 14 ára aldur líklegri til að hafa lokið framhaldsskóla við 22 ára aldur en þau sem telja sig fá lítinn stuðning foreldra sinna. Hegðunarstjórn foreldra við 14 ára aldur virðist hins vegar ekki tengjast brotthvarfi frá námi við 22 ára aldur eins sterkt og stuðningur og viðurkenning. Hegðunarstjórn foreldra við 14 ára aldur tengist aðeins

brotthvarfi ungmenna frá námi þegar ekki er tekið tillit til stuðnings og viðurkenningar foreldra.

Í þessari langtímarannsókn hafa einnig komið fram tengsl milli uppeldis-aðferða foreldra og neyslu unglunga á ólöglegum vímuefnum. Fjórtán ára unglingar sem eiga foreldra sem nota leiðandi uppeldishætti eru ólíklegri til þess að hafa reykt, neytt áfengis eða prófað fíkniefni eins og hass og amfetamín en unglingar sem eiga foreldra sem nota afskiptalaus uppeldishætti. Einnig kom fram í rannsókninni að foreldrar sem notuðu skipandi uppeldishætti eru ólíklegri til þess að koma í veg fyrir drykkju hjá 14 ára unglungum en foreldrar sem nota leiðandi uppeldishætti. Tengslin voru til staðar bæði þegar horft var til lengri tíma og styttri og þó að stjórnað væri fyrir þeim þáttum sem oftast hafa áhrif á neyslu unglunga eins og neysla foreldra og vina og fyrri neysla unglunganna. (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G. Hafsteinsson, 2001).

Unglingar sem alast upp við leiðandi uppeldishætti eru ólíklegri en aðrir unglingar til að sýna andfélagslega hegðun eins og að stunda afbrot (sjá yfirlitsgrein Steinberg, 2001) og lenda í vandræðum (Lamborn o.fl., 1991). Í rannsókn Lamborn og félaganna (1991) kom fram að þeir unglingar sem alast upp við eftirlátssama uppeldishætti eru líklegri til þess að stunda ákveðin afbrot eins og að neyta áfengis og ólöglegra vímuefna en aðrir unglingar. Samkvæmt sömu rannsókn eru unglingar sem alast upp við skipandi uppeldishætti líkleg til að fylgja reglum foreldra sinna og þau eru ólíkleg til þess að stunda afbrotahegðun. Hins vegar eru unglingar sem alast upp við eftirlátssama uppeldishætti ekki líklegri en unglingar sem alast upp við leiðandi eða skipandi uppeldishætti til þess að fremja alvarlegri afbrot.

Unglingar sem alast upp við leiðandi uppeldishætti eiga auðveldara með og sýna meiri hæfileika til þess að aðlagast. Þeir eru einnig öruggari með getu sína og ráða yfir betri færni til að ná árangri (Lamborn o. fl., 1991).

Í ljósi ofangreindra niðurstaðna kemur ekki á óvart að þeir sem stundað hafa rannsóknir á þessu sviði telja leiðandi uppeldishætti foreldra vera áhrifaríkari uppeldisaðferð en skipandi, eftirlátsamir eða afskiptalausir uppeldishættir (sjá t.d. Maccoby og Martin, 1983; Lamborn o. fl., 1991; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2004; sjá yfirlitsgrein Steinberg, 2001). Hlýtt og uppörvandi samband milli foreldra og barna gerir barnið móttækilegra fyrir áhrifaríkri félagsmótun í samfélaginu. Sambland af stuðningi og hlýju frá foreldrum ásamt því að barninu eru sett mörk, gera það að verkum að barnið er líklegra til að taka ábyrgð á hegðun sinni. Uppeldishættir leiðandi foreldra eru líklegri til að þróa með barninu vitræna og félagslega hæfni sem eykur margvíslegan þroska þeirra.

Ýmsir þættir eru taldir vera megin ástæða þess að leiðandi uppeldis-
hættir eru taldir vera áhrifaríkasta uppeldisaðferðin. Í fyrsta lagi ná leiðandi
foreldrar að halda jafnvægi milli þess að stjórna börnum sínum og veita
þeim sjálfstjórn en það veitir börnunum tækifæri á að þroska með sér
sjálfstæði. Foreldrarnir setja þeim samt viðmið og mörk og veita þeim þá
leiðsögn sem þau þurfa. Í öðru lagi eru leiðandi foreldrar líklegri til þess að
fá börn sín til þess að taka þátt í samræðum og hvetja þau til að koma sinni
skoðun á framfæri. Fjölskyldusamræður sem þessar hjálpa börnum að skilja
félagsleg sambönd og hvað þarf til þess að vera félagslega hæfur
einstaklingur. Í þriðja lagi ýtir þátttaka og hlýja leiðandi foreldra undir að
börn þeirra séu móttækilegri fyrir áhrifum og félagsmótun foreldranna (sjá
yfirlitsgrein Steinberg, 2001).

2.3 Árásargirni og afbrotahegðun

2.3.1 Sjálfstjórn


Gottfredson og Hirschi (1990) settu fram almenna kenningu um afbrot en
samkvæmt henni er lítil sjálfstjórn (e. self-control) talin ein orsök
afbrotahæðunar. Afbrot veita tafarlausa skammtíma ánægju eins og að
eignast peninga án þess að vinna fyrir þeim eða koma fram hefnd.
Einstaklinga sem skortir sjálfstjórn skortir einnig að mati Gottfredson og
Hirschi þrautseigju, iðni og seiglu við úrlausn verkefna. Afbrot geta verið
æsandi, spennandi og áhættusöm. Í þeim geta meðal annars falist
blekkingar, vald, hætta og hraði. Þeir einstaklingar sem sýna litla sjálfstjórn
eru oft ævintýragjarnir, virkir og beita líkamlegum styrk sínum til að leysa
ágreiningu. Einnig eru þeir sjálfhverfir, skammsýnir og tillitslausir gagnvart
tilfinningum og þörfum annarra og þeir missa auðveldlega stjórn á skapi
sínu. Þó skal hafa í huga að þeir sem sýna litla sjálfstjórn eru ekki endilega
óvingjarnlegir eða andfélagslegir í raun, en þó oft fljótir að átta sig á þeirri
umbun sem þeir fá fyrir gjafmildi, örlæti og þokka og nýta sér það. Aftur á
móti eru þeir einstaklingar sem sýna mikla sjálfstjórn gjarnan varkárir,
vitrænir og nota munnlegar (e. verbal) aðferðir til að leysa ágreiningu. Þeir
sem sýna litla sjálfstjórn eru einnig líklegri til að sýna áhættusama hegðun
sem ekki er ólögleg en veitir tafarlausa skammtíma ánægju svo sem að
reykja, neyta áfengis, stunda fjárhættuspil eða áhættusamt kynlíf
(Gottfredson og Hirschi, 1990).

Ástæðu lítillar sjálfstjórnar að mati Gottfredson og Hirschi (1990) má
rekja til skorts á umönnun, þjálfun og aga. Þeir telja að foreldrar þurfi að

gera þrennt til að innræta börnum sínum sjálfstjórn: (1) hafa eftirlit með hegðun barnsins, (2) bera kennsl á frávíkshægðun þegar hún á sér stað og (3) refsa á árangursríkan hátt fyrir slíka hegðun. Til þess að refsingin beri árangur má hún ekki vera of hörð en þó ekki of væg heldur. Með því að refsa fyrir þess konar hegðun eru foreldrarnir að gefa barninu til kynna að þetta er ekki tilhlýðileg hegðun. Einnig eru þau börn sem eiga foreldra sem sjálfir eru andfélagslegir líklegri til að þróa með sér litla sjálfstjórn.

2.3.2 Þróun andfélagslegrar hegðunar

Patterson, DeBaryshe og Ramsey (1990) settu fram líkan sem ætlað er að skýra þróun andfélagslegrar hegðunar (sjá mynd 1). Í líkaninu er gert ráð fyrir að þróun andfélagslegrar hegðunar eigi rætur sínar að rekja til skorts á aga, stuðningi og eftirliti þegar börnin eru ung. Skortur á þessum þáttum getur komið fram í hegðunarvandamálum strax á leikskólaaldri hjá barninu. Foreldrarnir styrkja jafnvel óæskilegu hegðunina eins og til dæmis þegar barn hendir sér í gólfíð í búð og heimtar dót og foreldrarnir láta undan. Á sama tíma er æskileg hegðun jafnvel hunsuð eins og þegar barnið situr rólegt og skoðar bók eða situr og litar í rólegheitum og foreldrarnir veita því enga athygli. Þetta getur leitt til þess að barnið fer einnig að sýna óæskilega hegðun á fleiri stöðum en heima hjá sér eða í samskiptum við aðra en foreldra sína eins og í leikskólanum og síðar meir í skólanum. Þar sem börn sem sýna svona hegðun taka lítið tillit til annarra og hafa litla sjálfstjórn er þeim hættara við að vera hafnað af jafnöldrum sínum. Einnig getur námsárangur þeirra versnað en það gæti verið afleiðing þess að þau skortir aðhald heima fyrir til að sinna náminu. Höfnun jafnaldranna getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér eins og vanlíðan eða þunglyndi. Þau eru líkleg til að einangrast og leita þá í félagsskap annarra barna sem einnig sýna andfélagslega hegðun og mynda tengsl við þau. Þegar komið er fram á unglingsárin eru líkur á að þessi andfélagslega hegðun geti þróist út í vímuefnaneyslu eða afbrotahægðun. Ef þessi þróun stöðvast ekki eða er stöðvuð eru líkur á að einstaklingurinn virði ekki reglur samfélagsins og þrói áfram með sér andfélagslega hegðun á fullorðinsárum (sjá yfirlitsgrein Patterson, DeBaryshe og Ramsey, 1990).



Mynd 1: Þróun andfélagslegrar hegðunar Patterson o. fl., 1990 (bls. 266)

2.3.3 Rannsóknir á árásargirni

Samkvæmt NICHD Early child care research network (2004) sem er nokkuð viðamikil langtímarannsókn á árásargirni barna sem fylgt var eftir frá tveggja til níu ára aldurs er líkamleg árásargirni talin tiltölulega eðlileg hjá ungum börnum. Aftur á móti er þessi tegund árásargirni sjaldgæf hjá flestum eldri börnum. Flest barnanna í aldurshópnum tveggja til níu ára, eða 70% þeirra, sýndu litla eða mjög litla árásargirni en 30% barnanna sýndu miðlungs til mikla árásargirni. Þegar sá hópur barnanna sem sýndi miðlungs til mikla árásargirni er skoðaður betur kemur fram að hluti barnanna (12%) sýndi miðlungs mikla árásargirni við 24 og 36 mánaða aldur en sýndi síðan svo gott sem enga árásargirni þegar þau byrjuðu í fyrsta bekk. Annar hópur barnanna (15%) sýndi einnig miðlungs mikla árásargirni við 24 og 36 mánaða aldur sem hélt svo stöðug á meðan rannsókninni stóð. Þá sýndi lítill hópur barna (3%) mikla árásargirni sem hélt síðan stöðug á meðan á rannsókninni stóð. Þau börn sem sýndu ekki árásargirni að mati mæðra sinna þegar þau voru ung voru ólíkleg til að sýna hana eftir því sem þau urðu eldri.

Árásargirni sem persónueinkenni kemur oft fram snemma á ævinni og helst nokkuð stöðugt (Björkqvist og Österman, 1992). Samkvæmt langtímarannsókn á líkamlegri árásargirni ungra barna á aldrinum eins árs til fjögurra ára, sýndu börn allt niður í 12 mánaða gömul líkamlega árásargirni að mati foreldra sinna, en 24 og 36 mánaða gömul börn sýndu meiri líkamlega árásargirni en yngri börn (Alink o. fl., 2006). Árásargirni jókst á öðru aldurs ári en fór síðan aftur minnkandi milli þriggja og fjögurra ára aldurs. Samkvæmt rannsakendunum er árásargirni hjá svona ungum börnum nokkuð stöðug á þessum aldri. Drengir sýna meiri líkamlega árásargirni en stelpur við 24 og 36 mánaða aldur (Alink o. fl., 2006).

Í rannsóknnum á árásgjörni hefur meðal annars komið í ljós að börn sem eru árásgjörn við tveggja ára aldur eru líkleg til að vera ennþá árásgjörn þegar þau eru fimm ára (Cummings, Iannotti og Zahn-Waxler, 1989; Rubin, Burgess, Dwyer og Hastings, 2003). Þau börn sem eru árásgjörn við átta ára aldur eru líkleg til þess að vera það líka við 14 ára aldur og þau sem eru árásgjörn þá eru einnig líkleg til þess að vera það fram á fullorðinsár (Kokko og Pulkkinen, 2005). Einnig eru þeir sem eru mjög árásgjarnir við átta ára aldur oft óvinveittir og líklegir til þess að beita maka sinn og börn ofbeldi og að hafa verið dæmdir fyrir afbrot þegar þeir eru þrítugir. Það er þó ekki hægt að alhæfa út frá þessu að allir sem eru mjög árásgjarnir sem börn séu það einnig sem fullorðnir einstaklingar (Huesmann, Eron, Lefkowitz og Walder, 1984). Í rannsókn Nagin og Tremblay (1999) kom meðal annars fram að einn af hverjum átta unglíngum sem voru mjög árásgjarnir sem börn voru það einnig á unglingsárum. Í öðrum rannsóknnum hefur komið í ljós að sumir einstaklingar eru rólegir sem börn en hafa síðan farið að sýna árásgjörni og aðra andfélagslega hegðun sem unglíngar (Aguilar, Sroufe, Egeland, og Carlson, 2000; Brennan, Hall, Bor, Najman og Williams, 2003).

Árásgjörni barna breytist með aldrinum og eftir því sem þau þroskast. Eftir því sem börn eldast minnkar líkamleg og munnleg árásgjörni þar sem þau öðlast færni til þess að leysa ágreining á friðsamlegan hátt. Ögrandi árásgjörni eykst þó aðeins jafnvel þótt marksækin árásgjörni minnki (Loeber og Stouthamer-Loeber, 1998; Shaw, Gillion, Ingoldsby og Nagin, 2003). Eftir því sem börn eldast og komast á unglingsaldur fer tíðni áfloga og annarrar árásgjörni sem er augljós og auðgreinanleg minnkandi (Loeber og Stouthamer-Loeber, 1998; Nagin og Tremblay, 1999). Þetta á við bæði hjá stelpum og strákuum (Stranger, Achenbach og Verhulst, 1997). Í langtímarannsókn Bongers, Koot, van der Ende og Verhulst (2004) reyndust drengir tvisvar sinnum líklegri en stúlkur til að sýna árásgjörni þegar þau voru börn en lítill sem engin munur var á árásgjörni þeirra þegar þau voru komin á unglingsár. Hafa þarf þó í huga að í þessari tilteknu rannsókn var ekki greint á milli líkamlegrar og óbeinnar árásgjörni.

Mikill munur er því á milli barna hversu árásgjörn þau eru og flokkast aðeins lítið hlutfall þeirra með varanlega árásgjörni. Í rannsóknnum þar sem skráð eru niður og talin atvik þegar árásgjörni á sér stað kemur í ljós að aðeins lítill hópur barna og unglínga er viðriðinn stærstan hluta atvikanna (NICHD Early child care research network, 2004; Perry, Kusel og Perry, 1988).

Í rannsókn sem náði yfir 18 mánaða tímarbil á árásgirni tveggja og hálfis árs til rúmlega fjögurra ára barna kom fram að stúlkur sýndu frekar óbeina árásgirni gagnvart öðrum stúlkum á meðan drengir sýndu frekar öðrum drengjum líkamlega árásgirni. Að mati rannsakendanna hefðu þeir ekki náð að greina 35-50% af árásgirni stelpnanna ef þeir hefðu ekki skoðað óbeina árásgirni (Crick, Ostrov, Burr, Cullerton-Sen, Jansen-Yeh og Ralston, 2006). Samkvæmt rannsókn Björkqvist, Lagerspetz og Kaukiainen (1992) nær óbein árásgirni hjá stelpum hámarki snemma á unglingsárum (e. preadolescent). Aftur á móti kom fram í langtímarannsókn Underwood, Beron og Rosen (2009) að óbein árásgirni nær ekki hámarki snemma á unglingsárum heldur telja þau hana ná hámarki um átta til níu ára aldur og virðist hún minnka með aldrinum hjá þeim hópi sem hefur sýnt mikla óbeina árásgirni. Samkvæmt rannsókn Preddy og Fite (2012) um beina og óbeina árásgirni barna á aldrinum 9-12 ára eru tengsl milli óbeinnar árásgirni og félagslegra vandamála (e. social problems). Það á sérstaklega við um óbeina árásgirni hjá stelpum, þær stelpur sem sýna meiri óbeina árásgirni eiga frekar við félagsleg vandamál en aðrar stelpur. Strákar sýna frekar munnlega og líkamlega árásgirni en óbeina (Österman o.fl., 1998). En samkvæmt Preddy og Fite (2012) eiga strákar sem sýna líkamlega árásgirni frekar við félagsleg vandamál en aðrir strákar.

Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á tvær gerðir áráshneigðar hjá mjög árásgjörnum börnum: *framvirk árásgirni* (e. proactive aggression) og *afturvirk árásgirni* (e. reactive aggression). Börn og unglingar sem eru með framvirka árásgirni eru sannfærð um að yfirgangur muni borga sig með áþreifanlegum hætti. Þau eru gjörn á að trúá því að þeim sé kleift að auka sjálfstraust sitt með því að ráða yfir öðrum börnum, sem yfirleitt gefa sig á vald þeirra áður en mikill skaði er skeður. Þessir einstaklingar sýna vald sitt í þeim tilgangi að ná persónulegum markmiðum sínum (Crick og Dodge, 1996; Quiggle, Garber, Panak og Dodge, 1992). Þeir sem eru með afturvirka árásgirni eru frekar óvinveittir og hafa þörf á því að hefna sín. Þessi börn og ungmenni eru frekar tortryggir og vör um sig gagnvart öðru fólki. Þau líta á það sem andstæðinga sína og að nauðsynlegt sé að eiga við það á kraftmikinn hátt (Crick og Dodge, 1996).

Samkvæmt finnskri rannsókn þar sem skoðað var meðal annars samband félagslegrar greindar og áráshneigðar, er félagsleg greind tengd óbeinni árásgirni, það er að segja þeim mun meiri óbeina árásgirni sem einstaklingur sýnir þeim mun meiri félagslega greind hefur hann. Líkamleg árásgirni krefst líkamlegs styrks og munnleg árásgirni krefst munnlegrar færni (e. verbal skills) en óbein árásgirni krefst skilnings á mannlegum samskiptum og færni í þeim. Þeir sem sýna óbeina árásgirni þurfa að geta

sett fyrirætlanir sínar um að skaða einhvern í jákvætt ljós fyrir sig. Einnig þurfa þeir að geta túlkað viðbrögð annarra og mætt viðbrögðum þess sem beittur er óbeinni árásargirni svo hún komi ekki í bakið á gerandanum (Kaukiainen o. fl., 1999). Í annarri rannsókn Wallenius og félaga (2006) komu fram tengsl milli ofbeldis í tölvuleikjum og aukningar á óbeinni árásargirni hjá 13 ára drengjum sem hafa mikla félagslega greind. Þetta bendir til þess að drengir með góða félagslega greind séu færari í að nota félagslega samþykktar leiðir til þess að tjá óbeina árásargirni en drengir sem sýna minni félagslega greind. Rannsóknin bendir þó til þess að félagsleg greind ein og sér leiði ekki til óbeinnar árásargirni, félagsleg greind spáir einnig fyrir um vinsældir meðal jafnaldra. Í þessari sömu rannsókn kom einnig fram að strákar eru líklegri til þess að sýna árásargirni eftir að hafa séð ofbeldi í fjölmiðlum en stelpur. Þessar rannsóknir benda til þess að dagleg notkun á ofbeldisfullum tölvuleikjum geti aukið bæði beina og óbeina árásargirni (Kaukiainen o. fl., 1999; Wallenius o. fl., 2006).

Tengsl sjálfsálits og árásargirni hafa einnig verið skoðuð í rannsóknnum, en lágt sjálfsálit virðist geta spáð fyrir um árásargirni að einhverju leyti ef tekið er mið af langtímarannsókn Donnellan, Trzesniewski, Robins, Moffitt og Caspi (2005). Þar kom í ljós að börn sem voru með lágt sjálfálit við 11 ára aldur höfðu tilhneigingu til að sýna aukna árásargirni við 13 ára aldur.

Sumir rannsakendur hafa skoðað hvað dregur úr árásargirni hjá börnum og unglíngum. Í rannsókn Herrenkobl, Hill, Chung, Guo, Abbott og Hawkins (2003) kom fram að unglíngar sem voru mjög árásargjarnir við 10 ára aldur voru ólíklegri til að beita ofbeldi við 18 ára aldur ef þeir höfðu við 15 ára aldur tekið þátt í trúarlegu starfi, átt í sterkum tengslum við skólann eða upplifað góða fjölskyldustjórn, sem felur meðal annars í sér eftirlit foreldranna með unglíngunum, skýrar reglur og væntingar til hegðunar þeirra.

Annað sem komið hefur fram í rannsóknnum sem skoðað hafa hvað dregur úr árásargirni er að samkennd dregur úr árásargirni (Kaukiainen o. fl., 1999). Samkvæmt rannsókn de Haan, Prinzie og Deković (2010) sýna börn sem eru í andlegu jafnvægi og eru vinaleg (e. benevolent) minni árásargirni við 6 ára aldur en önnur börn.

Aðrir rannsakendur hafa beint sjónum sínum að erfðum og hvaða áhrif þær geti haft á árásargirni. Samkvæmt rannsókn van Beijsterveldt, Bartels, Hudziak og Boomsma (2003) á tvíburum er árásargirni nokkuð stöðug hjá börnum á aldrinum 3-12 ára og skýra erfðir að meðaltali 65% af þessum stöðugleika. Þegar aldursbilinu er skipt aðeins niður kemur fram að erfðir skýra 50% af stöðugleika árásargirni hjá börnum á aldrinum þriggja til sjö

ára og 91% hjá börnum 10-12 ára. Aftur á móti skýra umhverfisþættir að meðaltali 27% af stöðugleika árásgirni hjá börnum á aldrinum 3-12 ára samkvæmt sömu rannsókn. Einnig var skoðaður kynjamunur í þessari rannsókn og kom fram að erfiðir höfðu meiri áhrif á stöðugleika árásgirni hjá drengjum eftir sjö ára aldur en hjá stúlkum en hjá þeim höfðu umhverfisþættir meiri áhrif.

2.3.4 Rannsóknir á afbrotahegðun

Íslenskir fræðimenn hafa á undanförnum árum rannsakað í auknu mæli afbrot og frávík ungmenna með aðferðum félagsvísinda og hafa þá aðallega notað spurningakannanir til að afla gagna. Þessar rannsóknir hafa að mestu leyti beinst að því að sannreyna kenningar afbrotafræðinnar og hins vegar að meta umfang tiltekinna frávika meðal ungmenna. Spurningakannanir eru góð aðferð til þess að meta umfang afbrota og frávika þar sem skráð gögn um afbrot sem koma til kasta lögreglu gefa takmarkaða mynd af frávikum og afbrotum einstaklinga í samfélaginu. Áfengisneysla og notkun ólöglegra vímuefna meðal íslenskra ungmenna eru þeir þættir sem mest hafa verið skoðaðir (sjá yfirlitsgrein Jón Gunnar Bernburg, 2004). Umfang annarra frávika eins og til dæmis ofbeldis á meðal unglunga (Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 1996) og sjálfsvígstilraunir (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998) hafa þó einnig verið rannsökuð.

Lögreglan í Reykjavík hefur afskipti af 12-16% barna og ungmenna sem búsett eru innan umdæmis hennar á hverju ári. Af þessum málum er barn eða ungmenni kært fyrir lögbrot í um það bil helmingi tilfella, og eru flestir hinna kærðu á aldrinum 18-20 ára (sjá yfirlitsgrein Jón Gunnar Bernburg, 2004). Í langtímarannsókn Laird, Pettit, Bates og Dodge (2003) sem náði yfir fjögurra ára tímabil frá því unglíngarnir voru 14 og 15 ára gamlir kom fram að afbrotahegðun eykst eftir því sem líður á unglingsárin. Bæði foreldrarnir og unglíngarnir mátu afbrotahegðunina og samkvæmt mati unglínganna var aukningin á afbrotahegðuninni meiri en að mati foreldranna. Samkvæmt rannsókn Guðbjargar Hildar Kolbeins (2005) sem náði til unglíngna í 8 og 10 bekk grunnskóla skipti aldur pílta máli um afbrotahegðun þeirra. Því eldri sem þeir voru því líklegri voru þeir til að hafa framið afbrot. Aftur á móti skipti aldur stelpna ekki máli um hvort þær sýndu afbrotahegðun. Afbrotahegðun þeirra unglíngna sem hana sýna stigmagnast samkvæmt þessari rannsókn. Þeir byrja ungir á skemmdarverkum, fara síðan yfir í áfengisnotkun og þjófnaði og enda síðan í alvarlegri afbrotum og fíkniefna-neyslu. Hjá strákuum voru skemmdarverk tiltölulega algeng en stelpur gerðu

minna af því að eyðileggja hluti. Fram hefur komið í erlendum rannsóknum að ekki er munur á afbrotahæðun unglunga eftir stéttarstöðu foreldra þeirra (Lamborn o.fl., 1991; Steinberg, Mounts, Lamborn og Dornbusch, 1991).

Rík hefð er fyrir rannsóknum sem ætlað er að sannreyna eða þróa kenningar innan afbrotafraeðinnar. Samkvæmt taumhaldskenningu Hirschi er tilgátan sú að þeir unglingar sem hafa veik tengsl við hefðbundnar stofnanir samfélagsins séu líklegri til þess að sýna frávikshæðun. Þær íslensku rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessum þáttum styðja þá tilgátu. Þeir unglingar sem verja litlum tíma með fjölskyldu sinni, taka lítinn þátt í íþróttum og öðrum skipulögðum tómstundum og hafa lítil tengsl við skólann eru líklegri til þess að taka þátt í afbrotum og beita ofbeldi (Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson, 1997, 1999, 2001). Einnig eru þeir líklegri til þess að neyta áfengis og annarra ólöglegra vímuefna en jafnaldrar þeirra (Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson, 1998; Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1994).

Börn og unglingar sem umgangast jafningja sem stunda afbrota eru líklegri til að sýna afbrotahæðun jafnvel þótt tekið sé tillit til sambands þeirra við foreldra sína og fyrri afbrotahæðunar (Ingram o.fl., 2007). Sterk fjölskyldutengsl, eftirlit foreldra (Ingram o.fl., 2007) og sterk tengsl unglunganna við stofnanir samfélagsins eins og skóla eða trúarbrögð (sjá yfirlitsgrein Jón Gunnar Bernburg, 2004) getur dregið úr neikvæðum áhrifum jafningja (Jón Gunnar Bernburg, 2004; Ingram o.fl., 2007). Einnig sýna unglingar sem eiga í jákvæðum tengslum við kennara, hafa jákvætt viðhorf gagnvart námi og sýna góðan námsárangur minni afbrotahæðun þetta á við bæði um stelpur og stráka (Crosnoe, Erickson og Dornbusch, 2002).

Í rannsókn sem náði til sænskra unglunga kom fram að þau ungmenni sem tóku þátt í skipulögðum tómstundum sýndu litla andfélagslega hæðun eins og afbrotahæðun og átti þetta bæði við um stelpur og stráka. Það sem virðist skipta máli samkvæmt þessari rannsókn er hvort unglungarnir taki þátt í skipulögðum eða óskipulögðum tómstundum og með hverjum. Þeir unglingar sem tóku þátt í skipulögðum tómstundum áttu frekar foreldra sem höfðu eftirlit með þeim og treystu þeim. Rannsakendurnir veltu fyrir sér hvort unglungarnir sæktu í skipulagðar tómstundir vegna þess að þeir foreldrar sem hafa eftirlit með unglungunum sínum og treysta þeim beina þeim í þær eða hvort þeir foreldrar sem eiga unglunga í skipulögðum tómstundum treysti þeim frekar og hafi frekar eftirlit með þeim (Mahoney og Stattin, 2000).

Niðurstöður rannsókna sem kannaði tengsl fjölskyldueinkenna (e. family characteristics) og afbrotahegðunar, bæði meiriháttar og minniháttar afbrota, benda til að fjölskyldugerð hafi ekki eins mikið að segja um afbrotahegðun unglunga og fjölskyldutengsl gera. Þeir unglingar sem eiga í veikum tengslum við foreldra sína eru líklegri til að stunda minniháttar afbrot en aðrir unglingar. Að mati rannsakendanna getur fjölskyldugerð þó haft áhrif á hvernig fjölskyldutengslum er háttað (Sokol-Katz, Dunham, Zimmerman, 1997). Heimilisaðstæður unglunga virðast hafa áhrif á afbrotahegðun þeirra; því verri samskipti sem drengir áttu við foreldra sína og því meira ofbeldi sem þeir ólust upp við því meiri afbrotahegðun sýndu þeir. Heimilisaðstæður stelpna höfðu einnig áhrif á afbrotahegðun þeirra en samskipti unglingsstelpna við foreldra sína virðast skipta þar nokkru máli (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2005).

Í rannsókn Wright, Cullen og Miller (2001) kom fram að fjölskylduauður dró úr afbrotahegðun yfir sex ára tímabil hjá ungmennunum. Fjölskylduauður er meðal annars mældur með fjölskyldutengslum og hversu miklum tíma unglungurinn ver með fjölskyldu sinni eins og til dæmis að ræða saman og fleira. Fjölskylduauður býr til annars konar auð eins og til dæmis félagsauð en þau ungmenni sem bjuggu yfir miklum félagsauði snemma á lífsleiðinni sýndu síður ólöglega eða áhættusama hegðun.

Samkvæmt langtímarannsókn Gorman-Smith, Tolan, Loeber og Henry (1998) voru þeir einstaklingar sem sýndu mikla og stöðuga andfélagslega hegðun og afbrotahegðun líklegir til að koma frá fjölskyldum sem einkenndust af átökum, sundrung og skorti á þátttöku foreldranna. Þeir einstaklingar sem sýndu minnsta andfélagslega hegðun og afbrotahegðun voru líklegir til að koma frá heimilum þar sem fá vandamál voru til staðar.

Church II, Wharton og Taylor (2009) skoðuðu í rannsókn sinni tengsl afbrotahegðunar unglunga og þeirrar ímyndar sem þeir telja foreldra sína og vini hafa af sér (e. perceived self-image). Í ljós kom að sá þáttur sem hafði best forspárgildi um afbrotahegðun var kyn. Strákar sýndu frekar afbrotahegðun en stelpur en þó er um flókið samspil margra þátta að ræða. Strákar töldu frekar forelda og vini hafa neikvæða ímynd af sér og þeir höfðu meiri tengsl við jafnalda sem frömdu afbrot. Einnig áttu þeir síður í jákvæðum samskiptum við fjölskyldu sína sem og aðra í nærumhverfi sínu og frömdu því frekar afbrot. Mikil streita innan fjölskyldunnar getur aukið afbrotahegðun unglunga. Þeir unglingar sem búa við þess konar fjölskyldu-aðstæður en telja aðrar hafa jákvæða ímynd af sér eru ólíklegri til að stunda afbrotahegðun en aðrir unglingar (Church II, Wharton og Taylor, 2009).

Þótt rannsóknir á afbrotahegðun unglunga séu algengari en rannsóknir á afbrotahegðun barna, eru þær þó einnig til. Í einni þeirra, rannsókn de Haan, Prinzie og Deković (2010), kom fram að börn sem eru opin, orkumikil og ófeimin (e. extroverted children) sýna meiri afbrotahegðun við 6 ára aldur en önnur börn. Þetta kann af stafa af því að þessi börn vilja gjarnan kanna félagsleg mörk og fara stundum yfir þau að mati rannsakendanna. Hins vegar sýna börn sem eru hjálpsöm og vingjarnleg (e. benevolent children) minni afbrotahegðun við 6 ára aldur og börn sem hafa mikla sjálfsstjórn sýndu minni tíðni afbrotahegðunar.

2.3.5 Tengsl árásgirni og afbrotahegðunar

Samkvæmt rannsókn Preddy og Fite (2012) eru tengsl á milli beinnar árásgirni og afbrotahegðunar. Börn á aldrinum 9-12 ára sem sýna árásgirni eru líklegri til að stunda afbrot en önnur börn. Fleiri rannsóknir hafa skoðað tengsl milli árásgirni og afbrotahegðunar.

Fram kom í rannsókn Guðbjargar Hildar Kolbeins (2005) að strákar sem spila ofbeldisfulla tölvuleiki eru líklegri til að sýna afbrotahegðun en aðrir strákar. Þetta átti hins vegar ekki við um stelpur. Rannsakanum finnst þó frekar langsótt að halda því fram að notkun stráka á ofbeldisleikjum geri þá líklegri til að brjóta af sér. Hún telur þó að ætla megi að notkun stráka á ofbeldisfullum tölvuleikjum ýti undir árásgirni þeirra sem aftur ýti undir afbrotahegðun þeirra. Að mati Guðbjargar Hildar má því ætla að ofbeldisfullir tölvuleikir hafi óbein áhrif á afbrotahegðun hjá strákum.

Í langtímarannsókn þar sem afbrotahegðun og árásgirni barna og unglunga á aldrinum 10-14 ára var skoðuð og ferli þess flokkað í fjóra flokka kom í ljós að þeir sem fylgdu ákveðnu ferli í árásgirni voru líklegir til að fylgja sama ferli í afbrotahegðun. Dæmi um flokkun í rannsókninni var: lág tíðni árásgirni, minnkandi tíðni árásgirni, aukin tíðni árásgirni og há tíðni árásgirni (Lynne-Landsman, Graber, Nichols og Botvin, 2011).

Samkvæmt rannsókn Huesmann, Eron og Dubow (2002) getur árásgirni snemma á lífsleiðinni sagt fyrir um árásgirni, andfélagslega hegðun og afbrotahegðun síðar á ævinni. Árásgirni barna við átta ára aldur spáir vel fyrir um afbrotatengda þætti síðar á ævinni. Til dæmis hversu líkleg þau eru til þess að vera handtekin, hversu alvarlegir glæpir þeirra eru og hversu langan tíma þau hafa þurft að dvelja í fangelsi áður en þau verða þrúgug. Tekið skal fram að í mælingunni á árásgirni við átta ára aldur var ekki bara horft á líkamlega og ofbeldisfulla árásgirni heldur einnig óbeina og ytri árásgirni ásamt munnlegri árásgirni. Ekki koma öll

árásargjörn börn til með að stunda afbrotahæðun þegar þau verða fullorðin en þau eru samt í meiri hættu á að leiðast út í afbrot en önnur börn.

Mat á árásgirni pilta og stúlkna við 14 ára aldur virðist samkvæmt langtímarannsókn Pulkkinen og Pitkänen (1993) spá að einhverju leyti fyrir um hversu oft einstaklingurinn hefur verið handtekinn við 26 ára aldur. Mat kennara og jafnaldra á árásgirni drengja, sjálfsmat drengja á eigin árásgirni og mat foreldra á árásgirni sona sinna spáir fyrir um hversu oft þeir hafa verið handteknir við 26 ára aldur. Árásgirni stúlkna spáði hins vegar ekki fyrir um hvort þær hefðu verið handteknar fyrir glæpi við 26 ára aldur heldur hvort þær hefðu verið handteknar fyrir misnotkun á áfengi.

2.3.6 Áhrif foreldra á árásgirni og afbrotahæðun

Jákvætt viðhorf foreldra til afbrotahæðunar, veik tengsl milli foreldra og barns og átök innan fjölskyldunnar tengjast aukinni tíðni afbrotahæðunar hjá börnum og unglingum, bæði hjá stelpum og stráku (Fagan, van Horn, Antaramian og Hawkins, 2011). Samkvæmt rannsókn Crosnoe, Erickson og Dornbusch (2002) sýna unglingar sem eiga í jákvæðum tengslum við foreldra sína minni afbrotahæðun en aðrir unglingar.

Samkvæmt fjölda rannsókna (t.d. Baldry og Farrington, 2000; de Kemp o.fl., 2006; Fagan o.fl., 2011; Griffin, Botvin, Scheier, Diaz og Miller, 2000; O'Donnell, Richards, Pearce og Romero, 2012; Pettit, Laird, Dodge, Bates og Criss, 2001) tengist eftirlit foreldra minni afbrotahæðun hjá unglingum. Einnig hefur komið fram að skortur á eftirliti foreldra tengist hærri tíðni afbrotahæðunar hjá unglingum. Unglingar sem búa við lítið eftirlit foreldra sinna hafa fleiri tækifæri til að leiðast út í afbrotahæðun og umgangast vini sem stunda afbrot (O'Donnell o.fl., 2012). Samkvæmt rannsókn Laird og félaga (2003) tengdist meiri afbrotahæðun minnkandi eftirliti foreldranna, sem gæti verið vegna þess að foreldrarnir drógu úr eftirlitinu eða vegna þess að þeir áttu erfiðara með að hafa eftirlit með unglingnum þegar hann var komin út í afbrotahæðun. Samkvæmt rannsókn Griffin og félaga (2000) virðast stelpur verða fyrir meiri áhrifum af eftirliti foreldra en strákar. Sem dæmi má nefna, ef foreldrar fylgdust með heimanámi stelpnanna sýndu þær minni árásgirni en ella, en þetta er þó eitthvað sem þarf að rannsaka frekar að mati rannsokendanna. Í langtímarannsókn Pettit og félaga (2001) kom einnig fram að stelpur sem töldu sig búa við eftirlit mæðra sinna sýndu minni afbrotahæðun en drengir sem töldu sig búa við eftirlit mæðra sinna. Fram hefur þó komið í öðrum rannsóknum að skortur á eftirliti foreldra hafi

áhrif á meiri afbrotahæðun hjá drengjum á meðan vinir sem stunda afbrot hafa meiri áhrif á aukna afbrotahæðun hjá stelpum (O'Donnell o.fl., 2012).

Einnig hefur komið fram að unglingar sem búa við litla hlýju og stuðning og harðra refsinga foreldra sýna meiri afbrotahæðun en aðrir unglingar (Simons, Chao, Conger og Elder, 2001). Einnig hefur komið fram að unglingar sem búa við slakar uppeldisaðferðir séu líklegri til að vera í samskiptum við vini sem stunda afbrotahæðun á unglingsárunum. Í rannsókn Simons, Wu, Lin, Gordon og Conger (2000) kom fram að þeir unglingar sem eiga foreldra sem útskýra fyrir þeim þær reglur sem þeir setja sýna minni afbrotahæðun en aðrir unglingar.

Þeir unglingar sem upplifa sálfræðilega stjórn foreldra sinna sem felst meðal annars í ólýðræðislegum aga og stjórnun með þvingunum sýna hærri tíðni afbrotahæðunar en aðrir unglingar (de Kemp o.fl., 2006; Pettit o.fl., 2001). Stelpur sem upplifa sálfræðilega stjórn mæðra sinna sýna meiri afbrotahæðun en drengir sem upplifa sálfræðilega stjórn mæðra sinna (Pettit o.fl., 2001).

Samkvæmt langtímarannsókn á afbrotahæðun unglunga eru breytingar á henni, aukin eða minnkandi afbrotahæðun, tengdar breytingum á uppeldis- aðferðum foreldra sem felast í stuðningi, eftirliti og sálfræðilegri stjórn. Ef foreldrar unglunga auka stuðning og eftirlit sitt ásamt því að draga úr sálfræðilegri stjórn þá sýna unglingarnir minni afbrotahæðun (de Kemp o.fl., 2006).

Aðrir rannsakendur (Warr, 1993) telja að tilfinningatengsl við foreldra hafi ekki bein áhrif á afbrotahæðun heldur að þau áhrif sem þessi veiku geðtengsl við foreldra hafi á eftirlit leiði til afbrotahæðunar. Í rannsókn Warr (1993) kom fram að tilfinningatengsl unglunga við foreldra sína hafa ekki bein áhrif á afbrotahæðun, þau minnka ekki líkur á að unglingurinn sýni afbrotahæðun. Þau vega heldur ekki þau upp á móti áhrifum vina á afbrotahæðun unglunga. Aftur á móti hafa tilfinningatengsl við foreldra áhrif á hvaða vini unglingurinn velur sér og þar með virðast þau hafa óbein áhrif á afbrotahæðun. Tíminn sem unglingurinn ver með foreldrum sínum vegur upp á móti áhrifum vina á afbrotahæðun, sérstaklega sá tími sem unglingurinn ver með foreldrum sínum um helgar. Í rannsókn Wright og Cullen (2001) kom fram að tilfinningatengsl, heimilisreglur og eftirlit foreldra dró úr afbrotahæðun.

Foreldrar sem höfðu mikla trú á refsingum fyrir misgjörðir (Huesmann o. fl., 2002) og beittu líkamlegum refsingum (Baldry og Farrington, 2000) voru líklegri til þess að eiga drengi sem voru í meiri hættu á að leiðast út í

afbrotahegðun samanborið við foreldra sem ekki höfðu trú á refsingum og áttu jafn árásgjarna drengi (Huesmann, o. fl., 2002).

Samkvæmt rannsókn Steinberg og féлага (1991) sýna unglingar minni afbrotahegðun ef þeir búa við leiðandi uppeldisaðferðir foreldra sinna, þar að segja foreldrarnir sýna unglingunum viðurkenningu, setja þeim skýrar reglur og eru lýðræðislegir. Afbrotahegðun unglunga sem bjuggu við afskiptalausar uppeldisaðferðir jókst milli mælinga samkvæmt rannsókn sem náði yfir rúmlega eins árs tímabil. Afbrotahegðun unglunga sem bjuggu við eftirlátssama uppeldisaðferðir stóð í stað og afbrotahegðun unglunga sem bjuggu við leiðandi eða skipandi uppeldisaðferðir minnkaði lítillega á þessu tímabili. Afbrotahegðun unglunga sem bjuggu við leiðandi uppeldisaðferðir minnkaði örliðið meira en hjá unglingum sem bjuggu við skipandi uppeldisaðferðir (Steinberg, Lamborn, Darling, Mounts, og Dornbusch, 1994).

Börn og unglingar sem búa við eftirlátssama eða afskiptalausar uppeldisaðferðir sýna meiri andfélagslega hegðun samkvæmt rannsókn Luyckx og féлага (2011) og á þetta sérstaklega við um drengi. Eftirlit foreldra virtist skipta sérstöku máli þar sem aukið eftirlit foreldra dró úr óæskilegri hegðun. Samkvæmt rannsókn Mattanah (2001) sýna börn á aldrinum 9-10 ára minni árásgirni ef foreldrar þeirra setja þeim skýrar reglur og mörk, einnig tengdist viðurkenning feðra minni árásgirni hjá börnum á þessum aldri.

Í langtímarannsókn sem náði til barna tveggja til átta ára og skoðaði líkamlega og óbeina árásgirni kom fram að neikvætt uppeldi (e. hostile parenting) tengdist hárrí tíoðni bæði óbeinnar og líkamlegrar árásgirni. Neikvætt uppeldi einkennist meðal annars af því að foreldrarnir verða oft reiðir við barnið, skamma það og refsa, finnast þeir ekki hafa stjórn á hegðun barnsins og hrósa því sjaldan (Côté, Vaillancourt, Barker, Nagin og Tremblay, 2007). Í annarri langtímarannsókn þar sem skoðuð var líkamlega og óbeina árásgirni hjá börnum 9-13 ára gömlum kom fram að þau börn sem áttu mæður sem notuðu skipandi eða eftirlátssama uppeldisaðferðir voru líklegust til þess að vera í hópi þeirra sem sýndu mikla aukningu á árásgirni á þessum aldri. Börn eftirlátssamra mæðra voru líkleg til að vera í hópi þeirra barna sem sýndu meðal aukningu í árásgirni á þessum aldri (Underwood o.fl., 2009).

Samkvæmt rannsókn Baldry og Farrington (2000) einkenndu skipandi foreldrar og samkomulag barna við foreldra sína þau börn og unglunga sem lögðu í einelti. Einelti eða stríðni er ein tegund árásgirni og er henni ætlað að valda ótta, vanlíðan eða skaða fórnarlambið á annan hátt. Yfirleitt eiga foreldrar þeirra barna og unglunga sem leggja í einelti í átökum, þá skortir

hlýju, eru skipandi og þeir nota vald sitt til þess að beita líkamlegum refsingum.

Fram kom í rannsókn sem framkvæmd var í Bandaríkjunum að unglingar sem búa með öðru foreldri sínu sýna meiri árásgirni og afbrotahæðun en unglingar sem búa hjá báðum foreldrum sínum. Það að borða kvöldmat reglulega saman skiptir miklu máli fyrir þá unglinga sem búa hjá einstæðum foreldrum; þeir unglingar sem búa hjá einstæðum foreldrum og borðuðu kvöldmat með þeim sýndu minni afbrotahæðun (Griffin o.fl., 2000).

Samkvæmt rannsókn Durant, Knight og Goodmann (1997) greindu þeir unglingar sem mældust með mesta árásgirni og afbrotahæðun frá fleiri vandamálum í samskiptum við foreldra og aðra fjölskyldumeðlimi en aðrir unglingar.

2.4 Markmið og rannsóknartilgátur

Í nokkrum rannsóknum hefur athyglinni verið beint að stuðningi foreldra í tengslum við afbrotahæðun barna þeirra (Simons o.fl., 2001). Aftur á móti virðist lítið vera um rannsóknir á áhrifum stuðnings foreldra á árásgirni unglinga. Og sárafáar þar sem skoðuð eru áhrif viðurkenningar foreldra á árásgirni og afbrotahæðun barna og unglinga. Í rannsókn Mattanah (2001) kom þó fram að viðurkenning feðra tengdist minni árásgirni hjá börnum á aldrinum 9-10 ára. Eins og fram hefur komið tengist eftirlit foreldra afbrotahæðun unglinga samkvæmt erlendum rannsóknum (t.d. Gorman-Smith o.fl., 1998; Ingram o. fl., 2007; Warr, 1993; Wright og Cullen, 2001).

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvort uppeldisaðferðir foreldra, sem skipta má í þrennt: stuðningur (t.d hvort unglingurinn getur treyst á stuðning foreldra sinna), viðurkenning (t.d. hvort foreldrarnir hvetji hann til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir og viðurkenni þær á hans forsendum) og eftirlit með hegðun unglinganna (t.d. hvort foreldrarnir setji unglingnum skýr mörk og fylgist með hegðun hans), sem einkenna svonefnda leiðandi uppeldishætti, tengjast árásgirni og afbrotahæðun þeirra.

Rannsóknartilgáturnar eru eftirfarandi:

1. Unglingar sem telja sig búa við stuðning foreldra, viðurkenningu þeirra og að foreldrar fylgist með hegðun þeirra við 14 ára aldur eru ólíklegri en aðrir unglíngar til þess að sýna árásgirni við 14, 15 og 17 ára aldur.
2. Unglingar sem telja sig búa við stuðning foreldra, viðurkenningu þeirra og að foreldrar fylgist með hegðun þeirra við 14 ára aldur eru ólíklegri en aðrir unglíngar til þess að sýna afbrotahegðun við 14, 15 og 17 ára aldur.

3 Aðferð

Hér verður fjallað um þátttakendur, framkvæmd gagnasöfnunar, mælitæki og tölfræðilega greiningu gagna.

3.1 Þátttakendur og framkvæmd

Í rannsókninni eru notuð gögn frá Sigrúnu Aðalbjarnardóttur úr rannsókn hennar „Áhættuhegðun ungs fólks: Langtímarannsókn“. Rannsóknin náði til allra reykviskra unglunga sem skráðir voru í 9. bekk vorið 1994, en það voru alls 1430 nemendur 1293 nemendur tóku þátt í rannsókninni og var svarhlutfall því um 90%. Unglingunum var fylgt eftir ári síðar þegar þeir voru í 10. bekk (janúar 1995) og þá náðist til 1103 nemenda. Næsta gagnasöfnun fór fram haustið 1996 (október og nóvember) (Sigrún Aðalbjarnardóttir og fl., 2003). Í þessari rannsókn verður unnið með svör þeirra unglunga sem svöruðu spurningarlistunum í öll þrjú skiptin, þeir voru 834 (58%). Kynjahlutfallið skiptist þannig: 378 strákar (45,3%) og 457 stelpur (54,7%).

Á undirbúningsstigi heildarrannsóknarinnar fengust skrifleg leyfi fyrir rannsókninni hjá menntamálaráðuneytinu, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Persónuvernd. Einnig var haft samband við skólustjóra og viðkomandi kennara og leitað samþykkis þeirra fyrir því að leggja könnunina fyrir á skólatíma. Allir unglingar og foreldrar þeirra fengu bréf heim þar sem rannsóknin var kynnt, þeim heitið fullum trúnaði og jafnframt gefinn kostur á að neita þátttöku. Vorið 1994 voru spurningarlistar lagðir fyrir alla þá nemendur í 9. bekk í grunnskólum Reykjavíkur sem höfðu samþykkt að taka þátt og voru mættir í skólann þá daga sem listarnir voru lagðir fyrir. Unglingunum var gert ljóst að þau gætu hætt þátttöku hvenær sem þau vildu. Hver nemandi fékk númeraðan kóða svo hægt væri að tengja svör þeirra saman á milli ára en öll persónueinkenni voru trúnaðarmál (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur G Hafsteinsson, 2001). Tveir listar með spurningum og fullyrðingum, sem fjalla meðal annars um uppeldisaðferðir foreldrar þátttakendanna og andfélagslega hegðun voru lagðir fyrir.

3.2 Mælitæki

Félags- og efnahagsleg staða foreldra var metin með tilliti til menntunar og starfs beggja foreldra. Notaður var kvarði sem byggist á kvarða Hollingshead (1975) og er sexskiptur raðkvarði. Félags- og efnahagsleg staða foreldra var flokkuð í 6 eftirtalda flokka: Þeir sem sinna ósérhæfðum störfum (4%), þeir sem sinna sérhæfðum störfum í iðnaði og þjónustu (19%), þeir sem sinna störfum sem krefjast sérmenntunar en þó ekki háskólaprófs (25%), eigendur

smárra fyrirtækja (19%), þeir sem sinna störfum sem krefjast háskólamenntunar (15%) og þeir sem sinna stjórnunarstörfum (18%). Ef menntun og störf foreldra flokkuðust í mismunandi stöðu samkvæmt kvarðanum var miðað við stöðu þess foreldris sem var í hærri flokki.

Uppeldisaðferðir foreldra voru metnar með kvörðum Lamborn og félaga (1991), byggjast þær mælingar á kenningum Díönu Baumrind á uppeldis-háttum foreldra (1971). Um er að ræða þrjá kvarða sem meta stuðning (e. involvement), viðurkenningu (e. psychological autonomy) og eftirlit foreldra með hegðun (e. strictness/supervision). Þættirnir tengjast upplifun þátttakenda af þessum uppeldisaðferðum foreldranna.

Stuðningur metur hversu vel unglingurinn telur sig geta treyst á stuðning foreldra sinna og hve oft fjölskyldan á góðar samverustundir (10 spurningar, $M=0,87$, $SF=0,09$, $\alpha=0,75$). Dæmi um spurningar eru: *Hvað af eftirtöldu á oftast við um móður þína/föður þinn?: (1) Ég get treyst á að hún/hann hjálpi mér ef ég lendi í vandræðum.* Möguleg svör: Oftast rétt, oftast rangt; (2) *Hún/hann hjálpar mér með verkefni fyrir skólann ef það er eitthvað sem ég skil ekki.* Möguleg svör: Oftast rétt, oftast rangt. Jafnframt var spurt: *Hversu oft gerir fjölskyldan þín eitthvað skemmtilegt saman?* Möguleg svör: Næstum daglega, nokkrum sinnum í viku, nokkrum sinnum í mánuði, næstum aldrei.

Viðurkenning metur hvort unglingurinn telur foreldra sína ýta undir sjálfstæði hans með því að hvetja hann til að láta í ljós hugmyndir sínar, skoðanir og tilfinningar. Þeir virði þær og viðurkenni hann á hans eigin forsendum (12 spurningar, $M=0,81$, $SF=0,11$, $\alpha=0,72$). Dæmi um spurningar eru: *Hvað af eftirtöldu á við um móður þína/föður þinn?: Hún/hann hvetur mig til að hugsa sjálfstætt.* Möguleg svör: Oftast rétt, oftast rangt. *Hversu oft segja foreldrar þínir þér að hugmyndir þeirra séu réttar og að þú eigir ekki að efast um þær?* Möguleg svör: Aldrei, sjaldan, stundum, oft.

Eftirlit foreldra með hegðun metur að hve miklu leyti foreldrar stjórna börnum sínum með því að setja þeim skýr mörk og fylgja þeim eftir (8 spurningar, $M=0,70$, $SF=0,13$, $\alpha=0,77$). Dæmi um spurningar eru: *Hversu mikið reyna foreldrar þínir að fylgjast með því: Hvar þú ert flesta daga eftir skóla?* og *Hvert þú ferð á kvöldin?* Svarmöguleikar voru þrír: Þau reyna það ekki, þau reyna það svolítið, þau reyna það mikið.

Kvarðarnir sem mældu uppeldisaðferðirnar þrjár snéru þannig að því hærra sem gildið var þeim mun meiri stuðning, viðurkenningu og eftirlit foreldra sinna með hegðun sinni upplifði unglingurinn við 14 ára aldur.

Árásargirni og afbrotahegðun voru mæld með íslenskri útgáfu (Arnkellsson, 1987) af *The Youth Self Report* (YSR; Achenbach & Edelbrock,

1987). YSR er þekktur og mikið notaður spurningarlisti sem metur færni unglunga og hegðunar- og tilfinningaleg vandamál þeirra og inniheldur 112 spurningar. Í þessari rannsókn var spurt um þætti sem einkenna árásargirni og afbrotahegðun. Unglingarnir voru beðnir um að svara spurningum um andfélagslega hegðun sína síðustu sex mánuði. Dæmi um spurningar sem snérust um árásargirni: *Ég rifst mikið. Ég er mjög stríðin(n). Skap mitt og líðan getur breyst skyndilega.* Svarmöguleikar voru: Ekki rétt (0), stundum rétt (1) og oft rétt (2). Dæmi um spurningar sem snéru að afbrotahegðun: *Ég strýk eða hverf að heiman. Ég kveiki í. Ég stel heima hjá mér.* Svarmöguleikar voru: Ekki rétt (0), stundum rétt (1) og oft rétt (2). Sumar spurningarnar beindust að ólöglegri hegðun eins og til dæmis þjófnaði, en þess ber að geta að þótt unglingur skori hátt á skalanum þýðir það ekki endilega að viðkomandi hafi brotið lög. Áreiðanleiki og réttmæti kvarðans hefur verið rannsakað (Achenbach & Edelbrock, 1987; Achenbach, 1991).

Kvarðinn sem mældi árásargirni og afbrotahegðun snéri þannig að því hærra sem gildið var þeim mun meiri var árásargirnin eða afbrotahegðunin.

3.3 Tölfræðileg greining

Frumbreyturnar voru kyn, stéttarstaða, stuðningur, viðurkenning og eftirlit foreldra með hegðun unglunga við 14 ára aldur. Fylgibreyturnar voru árásargirni við 14, 15 og 17 ára aldur og afbrotahegðun við 14, 15 og 17 ára aldur.

Keyrð var fylgni milli breytanna: árásargirni við 14, 15 og 17 ára aldur og afbrotahegðunar við 14, 15 og 17 ára aldur. Uppeldisaðferðanna þriggja, stuðnings, viðurkenningar og eftirlit foreldra með hegðun unglunga við 14 ára aldur. Kyns, stéttarstöðu, uppeldisaðferða foreldra við 14 ára aldur og árásargirni unglunga við 14, 15 og 17 ára aldur. Kyns, stéttarstöðu, uppeldisaðferða foreldra við 14 ára aldur og afbrotahegðunar unglunga við 14, 15 og 17 ára aldur.

Til þess að kanna betur hvernig sambandi frumbreytanna kyns unglunga, stuðnings, viðurkenningar og eftirlits foreldra með hegðun unglunga við árásargirni við 14, 15 og 17 ára aldur er háttáð þegar stjórnað er fyrir öðrum breytum var keyrð fjölbreytuaðhvarfsgreining (e. multiple regression analysis) í fjórum skrefum fyrir hvern aldur. Á sama hátt var keyrð fjölbreytuaðhvarfsgreining í fjórum skrefum fyrir hvern aldur til að skoða betur samband frumbreytanna við afbrotahegðun við 14, 15 og 17 ára aldur. Notuð var fjölbreytuaðhvarfsgreining þar sem mælingin á uppeldisaðferðum foreldra er raðbreyta.

4 Niðurstöður

4.1 Fylgni

Tafla 1 sýnir fylgnitölur á milli fylgibreytanna tveggja árásargirni og afbrotahegðunar. Eins og sjá má í töflunni er marktæk fylgni milli árásargirni við 14, 15 og 17 ára aldur og afbrotahegðunar við 14, 15 og 17 ára aldur. Með öðrum orðum þeir unglingar sem sýna árásargirni eru einnig líklegir til að sýna afbrotahegðun.

Tafla 1: Fylgni milli árásargirni og afbrotahegðunar.

| | Árásargirni 14 ára | Árásargirni 15 ára | Árásargirni 17 ára |
|-------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Afbrotahegðun 14 ára | 0,71** | 0,48** | 0,37** |
| Afbrotahegðun 15 ára | 0,48** | 0,71** | 0,46** |
| Afbrotahegðun 17 ára | 0,38** | 0,44** | 0,65** |

**p<0,01

Einnig var fylgni milli uppeldisaðferðanna: stuðnings, viðurkenningar og eftirlits foreldra með hegðun unglinganna skoðuð við 14 ára aldur. Ekki var um marktæka fylgni að ræða milli viðurkenningar og eftirlits foreldra með hegðun unglinganna: þeir unglingar sem telja sig búa við viðurkenningu foreldra sinna eru ekkert líklegri eða ólíklegri til að telja foreldra sína hafa eftirlit með þeim. Aftur á móti var marktæk fylgni milli stuðnings foreldra og viðurkenningar, 0,28 ($p < 0,001$), sem bendir til að unglingar sem telja sig búa við stuðning foreldra sinna eru líklegri til að telja sig einnig búa við viðurkenningu þeirra eða öfugt. Einnig kom fram fylgni á milli stuðnings og eftirlits foreldra með hegðun unglinganna, 0,44 ($p < 0,001$). Þeir unglingar sem telja sig búa við stuðning foreldra sinna eru einnig líklegir til að telja foreldra sína hafa eftirlit með hegðun sinni eða öfugt. Fylgnin er töluverð en þó ekki það há (sbr. $r = 0,70$ mörkin) að hætta sé á að verið sé að mæla sama hlutinn.

Í töflu 2 og 3 er fylgni milli frumbreytanna (kyn, félags- og efnahagsleg staða, uppeldisaðferðirnar þrjár) og árásgirni annars vegar (tafla 2) og afbrotahegðunar (tafla 3) hins vegar sett fram. Jafnframt voru meðaltöl og staðalfrávik árásgirni og afbrotahegðunar við 14, 15 og 17 ára aldur eftir kyni sett fram í töflu 4. Taka skal fram að hærra gildi árásgirni- og afbrotahegðunarkvarðans bendir til meiri árásgirni eða afbrotahegðunar. Loks má sjá meðatöl uppeldisaðferðanna þriggja eftir kyni í töflu 5.

Í töflu 2 má sjá fylgni milli háðu breytanna árásgirni unglunga við 14, 15 og 17 ára aldur og frumbreytanna kyns, félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra og uppeldisaðferða foreldra við 14 ára aldur. Fylgnin milli kyns og árásgirni við 14 og 15 ára aldur er nær marktækni. Eins og sjá má í töflu 4 eru strákar líklegri en stelpur til þess að sýna árásgirni við 14 og 15 ára aldur en þeir virðast ekki líklegri til þess við 17 ára aldur.

Ekki er um marktæka fylgni að ræða milli félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra og árásgirni við 14, 15 eða 17 ára aldur. Með öðrum orðum, starfsstétt foreldra virðist ekki hér skipta máli um hvort börn þeirra sýna árásgirni.

Fylgnin milli uppeldisaðferða foreldra og árásgirni við 14, 15 og 17 ára aldur er alls staðar marktæk: Eftir því sem unglingarnir upplifa meiri stuðning, viðurkenningu eða eftirlit foreldra sinna með hegðun sinni við 14 ára aldur sýna þeir minni árásgirni á sama aldri. Fylgnin milli eftirlits foreldra með hegðun unglingsins við 14 ára aldur og árásgirni virðist að öllu jöfnu lægri en á milli hinna uppeldisaðferðanna og árásgirni (þessi munur var þó ekki reiknaður með marktækniþrófi).

Tafla 2: Fylgni milli kyns, félagslegrar og efnahagslegrar stöðu foreldra, uppeldisaðferða foreldra og árásgirni.

| | Árásargirni 14 ára | Árásargirni 15 ára | Árásargirni 17 ára |
|------------------------------------|-----------------------|-----------------------|-----------------------|
| Kyn | -0,13** | -0,08* | -0,04 |
| Félags- og efnahagsleg staða | -0,04 | 0,01 | -0,04 |
| Stuðningur | -0,29** | -0,22** | -0,17** |
| Viðurkenning | -0,31** | -0,22** | -0,16** |
| Eftirlit foreldra með hegðun | -0,15** | -0,18** | -0,10** |

* $p < 0,05$; ** $p < 0,01$, kyn (0=stúlkur; 1=piltar)

Í töflu 3 má sjá fylgni milli kyns, félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra, uppeldisaðferða foreldra við 14 ára aldur og afbrotahegðunar við 14, 15 og 17 ára aldur. Fylgnin milli kyns og afbrotahegðunar við 14, 15 og 17 ára aldur er marktæk og neikvæð: Eins og sjá má í töflu 4 eru strákar líklegri til að sýna meiri afbrotahegðun en stelpur á þessum aldri. Ekki er um marktæka fylgni að ræða milli félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra og afbrotahegðunar við 14, 15 eða 17 ára aldur. Fylgnin milli uppeldisaðferða foreldra við 14 ára aldur og afbrotahegðunar við 14, 15 og 17 ára aldur er marktæk. Eftir því sem stuðningur, viðurkenning eða eftirlit foreldra með hegðun unglínganna er meira er afbrotahegðun unglínganna minni.

Tafla 3: Fylgni milli kyns, félagslegrar og efnahagslegrar stöðu foreldra , uppeldisaðferða foreldra og afbrotahegðunar.

| | Afbrotahæðun 14 ára | Afbrotahæðun 15 ára | Afbrotahæðun 17 ára |
|------------------------------|------------------------|------------------------|------------------------|
| Kyn | -0,26** | -0,21** | -0,20** |
| Félags- og efnahagsleg staða | -0,05 | -0,05 | -0,05 |
| Stuðningur | -0,39** | -0,32** | -0,22** |
| Viðurkenning | -0,34** | -0,28** | -0,21** |
| Eftirlit foreldra með hegðun | -0,33** | -0,31** | -0,22** |

* $p < 0,05$; ** $p < 0,01$, kyn (0=stúlkur; 1=piltar)

Tafla 4: Meðaltöl og staðalfrávik árásgirni og afbrotahegðunar við 14, 15 og 17 ára aldur

| | Árásgirni 14 ára | | | Árásgirni 15 ára | | | Árásgirni 17 ára | | |
|---------|---------------------|------|-----|---------------------|------|-----|---------------------|------|-----|
| | M | SF | N | M | SF | N | M | SF | N |
| Drengir | 1,55 | 0,33 | 334 | 1,50 | 0,33 | 322 | 1,55 | 0,30 | 373 |
| Stúlkur | 1,47 | 0,27 | 427 | 1,44 | 0,29 | 401 | 1,51 | 0,28 | 453 |
| | Afbrotahæðun 14 ára | | | Afbrotahæðun 15 ára | | | Afbrotahæðun 17 ára | | |
| | M | SF | N | M | SF | N | M | SF | N |
| Drengir | 1,38 | 0,28 | 334 | 1,32 | 0,27 | 322 | 1,35 | 0,23 | 373 |
| Stúlkur | 1,24 | 0,21 | 427 | 1,21 | 0,21 | 401 | 1,27 | 0,20 | 453 |

Tafla 5: Meðaltal og staðalfrávik uppeldisaðferðanna þriggja

| | Stuðningur við 14 ára aldur | | | Viðurkenning við 14 ára aldur | | | Eftirlit foreldra með hegðun við 14 ára aldur | | |
|---------|-----------------------------|------|-----|-------------------------------|------|-----|---|------|-----|
| | M | SF | N | M | SF | N | M | SF | N |
| Drengir | 0,87 | 0,09 | 334 | 0,79 | 0,10 | 329 | 0,67 | 0,13 | 330 |
| Stúlkur | 0,88 | 0,09 | 428 | 0,82 | 0,11 | 424 | 0,72 | 0,13 | 428 |

4.2 Aðhvarfsgreining

Þar sem ekki kom fram fylgni milli félags- og efnahagslegrar stöðu foreldra annars vegar og árásgirni og afbrotahegðunar hins vegar var þeirri breytu sleppt í aðhvarfsgreiningunni.

Niðurstöður aðhvarfsgreininganna má sjá í töflum 6-11. Í líkani 1 eru athuguð tengsl milli fylgibreytanna sem við eiga hverju sinni, árásgirni eða afbrotahegðunar, og frumbreytunnar stuðningur foreldra við 14 ára aldur að teknu tilliti til kyns. Í líkani 2 eru athuguð tengsl milli fylgibreytunnar sem við á hverju sinni, árásgirni eða afbrotahegðunar, og frumbreytunnar viðurkenning foreldra við 14 ára aldur að teknu tilliti til kyns. Í líkani 3 eru athuguð tengsl milli fylgibreytunnar sem við á hverju sinni, árásgirni og afbrotahegðunar, og frumbreytunnar eftirlit foreldra með hegðun við 14 ára aldur að teknu tilliti til kyns. Í líkani 4 eru athuguð tengsl fylgibreytunnar sem við á hverju sinni, árásgirni eða afbrotahegðunar, og allra þriggja frumbreytanna sem snúa að uppeldisaðferðum foreldra: stuðningi, viðurkenningu og eftirliti foreldra með hegðun unglunga, að teknu tilliti til kyns.

4.2.1 Árásgirni

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum er lúta að árásgirni.

Að teknu tilliti til kyns komu fram sterk tölfræðilega marktæk tengsl milli stuðnings foreldra við 14 ára aldur og árásgirni unglunganna við 14 ára aldur eins og sjá má í töflu 6. Því meiri stuðning sem foreldrar sýndu ungmennum við 14 ára aldur því minni árásgirni sýndu þau á þeim aldri. Í líkani 2 komu einnig fram sterk marktæk tengsl milli viðurkenningar og árásgirni: Því meiri viðurkenningu sem foreldra sýndu ungmennum við 14 ára aldur því minni árásgirni sýndu þau á þeim aldri. Í líkani 3 komu einnig

fram marktæk tengsl: Því meira sem foreldrarnir fylgdust með hegðun unglínganna við 14 ára aldur því minni árásgirni sýndu þeir við 14 ára aldur.

Í líkani 4 voru allar uppeldisfrumbreyturnar: stuðningur, viðurkenning og eftirlit foreldra með hegðun unglínganna við 14 ára aldur, settar inn samtímis auk kyns. Eins og sjá má í töflu 6 hólst sambandið sterkt milli stuðnings foreldra og árásgirni unglínganna við 14 ára aldur, þótt tekið væri tillit til viðurkenningar og eftirlits foreldra með hegðun unglínganna. Einnig hólst sambandið milli viðurkenningar foreldra og árásgirni unglínganna við 14 ára aldur sterkt þótt tekið væri tillit til stuðnings og eftirlits foreldra með hegðun unglínganna. Aftur á móti var sambandið á milli eftirlits foreldra með hegðun unglínganna og árásgirni við 14 ára aldur ekki marktækt að teknu tilliti til stuðnings og viðurkenningar foreldra. Stuðningur og viðurkenning foreldra virtist því skipta meira máli um árásgirni unglínganna en eftirlit foreldra með hegðun þeirra við 14 ára aldur.

Í töflu 6 kemur fram að saman skýra frumbreyturnar fjórar kyn, stuðningur, viðurkenning og eftirlit foreldra með hegðun unglínganna 16% ($R^2=0,16$) af breytileika árásgirni við 14 ára aldur.

Tafla 6: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar: Tengsl breytanna stuðningur, viðurkenning og hegðunarstjórn við 14 ára aldur við **árásgirni við 14 ára aldur** (að teknu tilliti til kyns).

| | Líkan 1 | Líkan 2 | Líkan 3 | Líkan 4 |
|------------------------------|---------|---------|---------|---------|
| Kyn | -0,08** | -0,06* | -0,07* | -0,05* |
| Stuðningur | -0,95** | - | - | -0,66** |
| Viðurkenning | - | -0,88** | - | -0,71** |
| Eftirlit foreldra með hegðun | - | - | -0,31** | -0,12 |
| R ² | 0,10 | 0,11 | 0,04 | 0,16 |
| F | 41,35** | 47,15** | 15,25** | 34,31** |

*p<0,05; **p<0,001, kyn (0=stúlkur; 1=piltar)

Eins og sjá má í töflu 7 í líkani 1 komu fram nokkuð sterk neikvæð tölfræðilega marktæk tengsl milli stuðnings foreldra við 14 ára aldur og

árásargirni við 15 ára aldur. Því meiri stuðning sem foreldrar sýndu ungmenni við 14 ára aldur því minni árásargirni sýndu ungmenni við 15 ára aldur. Tengslin milli viðurkenningar foreldra og árásargirni við 15 ára voru einnig sterk eins og sjá má í líkani 2 í töflu 7: Því meiri viðurkenningu sem foreldrar sýndu ungmennum við 14 ára aldur því minni árásargirni sýndu ungmenni við 15 ára aldur. Í líkani 3 komu einnig fram marktæk tengsl milli eftirlits foreldra með hegðun unglunga og árásargirni við 15 ára aldur: Því meira sem foreldrar fylgdust með hegðun unglunga við 14 ára aldur því minni árásargirni sýndu unglungar við 15 ára aldur.

Í líkani 4 eru allar frumbreyturnar settar inn samtímis. Eins og sjá má var sambandið milli viðurkenningar foreldra við 14 ára aldur og árásargirni við 15 ára aldur áfram sterk þótt tekið væri tillit til stuðnings foreldra og eftirlits þeirra auk kyns. Þá komu fram marktæk tengsl milli stuðnings foreldra við 14 ára aldur og árásargirni unglunga við 15 ára aldur þótt tekið væri tillit til viðurkenningar og eftirlits foreldra með hegðun auk kyns. Svipaðar niðurstöður komu fram á tengslum milli eftirlits foreldra með hegðun unglunga við 14 ára aldur og árásargirni við 15 ára aldur þegar tillit var tekið til viðurkenningar, stuðnings foreldra og kyns.

Í töflu 7 kemur fram að saman skýra frumbreyturnar fjórar, kyn, stuðningur, viðurkenning og eftirlit foreldra með hegðun unglunga 11% ($R^2=0,11$) af breytileika árásargirni við 15 ára aldur.

Tafla 7 : Niðurstöður aðhvarfsgreiningar: Tengsl breytanna stuðningur, viðurkenning og hegðunarstjórn við 14 ára aldur við *árásargirni við 15 ára aldur* (að teknu tilliti til bakgrunnsbreytunnar kyns).

| | Líkan 1 | Líkan 2 | Líkan 3 | Líkan 4 |
|------------------------------|---------|---------|---------|---------|
| Kyn | -0,06* | -0,05* | -0,04 | -0,04 |
| Stuðningur | -0,81* | - | - | -0,37* |
| Viðurkenning | - | -0,71** | - | -0,67** |
| Eftirlit foreldra með hegðun | - | - | -0,43** | -0,32* |
| R ² | 0,06 | 0,07 | 0,04 | 0,11 |
| F | 20,28** | 23,45** | 14,00** | 19,14** |

*p<0,05; **p<0,001, kyn (0=stúlkur; 1=piltar)

Eins og sjá má í töflu 8, líkani 1 komu fram marktæk tengsl milli stuðnings foreldra við 14 ára aldur og árásargirni við 17 ára aldur. Því meiri stuðningur sem foreldrar sýndu ungmönnum við 14 ára aldur því minni árásargirni sýndu ungmennin við 17 ára aldur. Einnig kom fram í líkani 2 að því meiri viðurkenningu sem foreldrar sýndu ungmönnum við 14 ára aldur því minni árásargirni sýndu ungmennin við 17 ára aldur. Í líkani 3 má sjá að því meira sem foreldrarnir fylgdust með hegðun unglínganna við 14 ára aldur því minni árásargirni sýndu þeir við 17 ára aldur.

Eins og sjá má í líkani 4 hélst sambandið marktækt milli stuðnings foreldra og árásargirni unglínganna við 14 ára aldur þótt tekið væri tillit til viðurkenningar og eftirlits foreldra með hegðun unglínganna auk kyns. Sambandið milli viðurkenningar foreldra við 14 ára aldur og árásargirni við 17 ára hélst jafnframt marktækt. Viðurkenning foreldra við 14 ára aldur tengdist minni árásargirni við 17 ára aldur að teknu tilliti til stuðnings og eftirlits foreldra með hegðun unglínganna auk kyns. Aftur á móti var sambandið á milli eftirlits foreldra með hegðun unglínganna og árásargirni við 17 ára aldur ekki marktækt að teknu tilliti til stuðnings og viðurkenningar foreldra og kyns. Stuðningur og viðurkenning foreldra virtist því skipta meira máli en eftirlit foreldra með hegðun unglínganna við 14 ára aldur á árásargirni þeirra við 17 ára aldur.

Í töflu 8 kemur fram að saman skýra frumbreyturnar fjórar, kyn, stuðningur, viðurkenning og eftirlit foreldra með hegðun unglunga 5% ($R^2=0,05$) af breytileika árásgirni við 17 ára aldur.

Tafla 8: Niðurstöður aðhvarfsgreiningar: Tengsl breytanna stuðningur, viðurkenning og hegðunarstjórn við 14 ára aldur við **árásgirni við 17 ára aldur** (að teknu tilliti til bakgrunnsbreytunnar kyns).

| | Líkan 1 | Líkan 2 | Líkan 3 | Líkan 4 |
|------------------------------|---------|---------|---------|---------|
| Kyn | -0,02 | -0,01 | -0,01 | -0,00 |
| Stuðningur | -0,62** | - | - | -0,38* |
| Viðurkenning | - | -0,48** | - | -0,38** |
| Eftirlit foreldra með hegðun | - | - | -0,27* | -0,16 |
| R^2 | 0,04 | 0,03 | 0,02 | 0,05 |
| F | 14,18** | 11,98** | 6,33* | 10,57** |

* $p < 0,05$; ** $p < 0,001$, kyn (0=stúlkur; 1=piltar)

